



Tengsl óákveðni í námsvali við skuldbindingu nemenda til náms og skóla

Bjarney Sif Ægisdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Tengsl óákveðni í námsvali við skuldbindingu nemenda til náms og skóla

Bjarney Sif Ægisdóttir

Lokaverkefni til MA–gráðu í náms- og starfsráðgjöf
Leiðbeinandi: Kristjana Stella Blöndal

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Bjarney Sif Ægisdóttir 2013

Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna tengsl óákveðni í námsvali við skuldbindingu nemenda til náms og skóla (e. *student engagement*). Skuldbinding er metin í þessari rannsókn með tilliti til námslegrar þátttöku, félagslegrar samsömunar og neikvæðrar skólahægðunar nemenda. Þátttakendur í rannsókninni voru 1780 nemendur á aldrinum 16-18 ára, á bók- og starfsnámsbrautum allra framhaldsskóla landsins. Könnunin var lögð fyrir árið 2007. Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar benda til þess að óákveðni í námsvali spái fyrir um hegðunarlega- og tilfinningalega skuldbindingu nemenda. Eftir því sem nemendur eru meira óákveðnir í námsvali, því minna taka þeir þátt í náminu og samsama sig félagslega í skólanum, að teknu tilliti til kyns, aldurs, menntunar foreldra, fyrri námsárangurs og hvort nemandi sé á bók- eða starfsnámsbraut framhaldsskóla. Tengsl óákveðni í námsvali við skuldbindingu til náms og skóla er nýlunda þessa verkefnis, en niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem sýna mikilvægi þess að nemendur hafi skýr framtíðarmarkmið í tengslum við skuldbindingu. Niðurstöður þessarar rannsóknar styrkja stoðir undir mikilvægi náms- og starfsfræðslu alla ævi.

Abstract

The aim of this study is to explore the relationship between academic indecision and student engagement. Student engagement was evaluated with respect to students' academic participation, students' disidentification with school and negative school behaviour. A total of 1780 16-18 years old students in academic and vocational education and training participated in the study, from every upper secondary school in Iceland. The study was conducted in 2007. The results from multiple regression analysis indicate that academic indecision predicts behavioural and emotional engagement. Higher levels of career indecision were associated with students lower levels of academic participation and school identification, controlling for gender, age, parents education, academic achievement at the end of compulsory school and whether student was on academic- or vocational line in upper secondary school. The results indicate the importance of students' clear future goals in relation to student's engagement as well as the importance of life long career counselling, especially in compulsory and upper secondary schools.

Formáli

Þessi rannsókn er 30 ECTS eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Rannsóknin var unnin með meginþlegri rannsóknaraðferð þar sem skoðuð voru tengsl óákveðni í námsvali við skuldbindingu nemenda til náms og skóla.

Hugmyndin að verkefninu kviknaði smátt og smátt meðan á náminu stóð. Viðvarandi mikið brotthvarf frá námi í framhaldsskóla er ofarlega í umræðu um menntamál á Íslandi. Það hversu lítið hlutfall nemenda stefnir á starfsnám að loknum grunnskóla veldur mörgum áhyggjum og er talin ein af mörgum ástæðum fyrir miklu brotthvarfi hér á landi. Mig langaði að skoða hvernig óákveðni í námsvali tengist skuldbindingu til náms og skóla, en mín tilfinning var sú að margir nemendur hefji nám í framhaldsskóla án þess að hafa fengið mikla kynninu á náms- og starfsmöguleikum og án þess að hafa íhugað vel eigin gildi, áhuga og framtíðarmarkmið. Óákveðni í námsvali hefur lítið verið rannsökuð í tengslum við brotthvarf á Íslandi. Ég vonast til þess að rannsóknin bæti við þá þekkingu sem við höfum nú þegar öðlast um ástæður fyrir viðvarandi miklu brotthvarfi úr námi á Íslandi og að niðurstöður þessa verkefnis styrki stöðir undir mikilvægi náms- og starfsfræðslu alla ævi.

Rannsóknin var unnin undir handleiðslu Kristjönu Stellu Blöndal, sem ég vil þakka kærlega fyrir góðar ábendingar og sérstaklega fyrir aðstoð við úrvinnslu tölfræðigagna. Ég vil þakka systur minni, Tinnu Rán Ægisdóttur og vinkonum mínum þeim Álfhildi E. Þorsteinsdóttur og Ingu Berg Gísladóttur fyrir góðar ábendingar og yfirllestur á verkefninu. Fjölskylda mín á skilið miklar þakkir fyrir endalaus hvatningu, innblástur og skilning meðan á verkefninu stóð. Foreldrum mínum vil ég að lokum þakka sérstaklega fyrir ómælda aðstoð, umhyggju og hvatningu til náms.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	8
BROTTHVARF FRÁ NÁMI Í FRAMHALDSSKÓLA: STAÐAN Á ÍSLANDI	10
SKULDBINDING NEMENDA TIL NÁMS OG SKÓLA	13
ÓÁKVEÐNI Í NÁMSVALI	16
NÁMS- OG STARFSFRÆÐSLA	19
STAÐA STARFSNÁMS Á ÍSLANDI	22
MARKMIÐ	25
AÐFERÐ	26
ÞÁTTTAKENDUR	26
FRAMKVÆMD	27
MÆLITÆKI	27
ÚRVINNSLA	30
NIÐURSTÖÐUR	31
ÞÁTTAGREINING RANNSÓKNARBREYTA	31
VAL Á NÁMSBRAUT	34
ÓÁKVEÐNI Í NÁMSVALI	35
SKULDBINDING TIL NÁMS OG SKÓLA.....	36
<i>Námsleg þátttaka</i>	37
<i>Félagsleg samsömun</i>	39
<i>Neikvæð skólahegðun</i>	40
FJÖLBREYTUADHVARFSGREINING FYRIR SKULDBINDINGU NEMENDA	41
<i>Námsleg þátttaka</i>	41
<i>Félagsleg samsömun</i>	41
<i>Neikvæð skólahegðun</i>	42
UMRÆÐUR	44
LOKAORÐ	49
HEIMILDIR	50

Inngangur

Undanfarinn áratug hefur skólasókn á Íslandi aukist og framhaldsskólastigið er þar engin undantekning. Hlutfall nemenda sem hefur nám í framhaldsskóla að loknum grunnskóla hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og er nú rúmlega 95% í árgangi (Hagstofa Íslands, 2012a, 2012b). Upplýsinga- og tæknibyltingin gerir kröfur um aukna menntun, sem er talin undirstaða efnahagslegrar velsældar hvernar þjóðar (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; Savickas, 1996, 2000). Þrátt fyrir auknar kröfur um menntun og aukna aðsókn að framhaldsskóla að loknum grunnskóla virðist brotthvarf frá námi haldast stöðugt. Um það bil 40% þeirra sem hefja nám í framhaldsskóla hafa ekki lokið námi við 24 ára aldur (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995; Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1992; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Brottfall úr námi á framhaldsskólastigi á Íslandi er langt yfir meðaltali nágrannaríkja (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Í alþjóðlegri umræðu er menntun talin forsenda fyrir aukinni framþróun þjóða, samkeppni og farsæld og því veldur hátt hlutfall ófaglærðra á íslenskum vinnumarkaði áhyggjum (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Niðurstöður rannsókna benda til þess að nemendur sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi eru í áhættuhóp hvað snertir ýmsa félagslega og efnahagslega þætti. Einstaklingar sem ekki hafa lokið formlegri menntun eru líklegri til þess að hafa færri möguleika á vinnumarkaðnum, til þess að vinna láglounastörf og eru jafnframt líklegri til þess að vera án atvinnu (Murray, 2000; Rumberger, 2001; Vinnuálastofnun, 2012). Því er litið á brotthvarf frá námi sem bæði menntunarlegt og félagslegt vandamál sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar, bæði fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið í heild (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995, 2000; Rumberger, 1987, 2001).

Í ljósi mikils og viðvarandi brotthvarfs frá námi á Íslandi er mikilvægt að greina vel stöðuna og skoða hvaða þættir geta legið að baki þeirri ákvörðun svo margra nemenda á Íslandi að hætta í námi. Sérstaða Íslands liggur meðal annars í því hversu fáir hefja nám í starfsnámi að loknum grunnskóla en einnig vekur athygli hve margir heltast úr lestinni strax á fyrstu tveimur árum framhaldsskólans. Rannsóknir benda til þess að flestir nemendur stefni á bóknám í framhaldsskóla þrátt fyrir að um helmingi nemenda virðist líka betur við verklegt nám í grunnskóla

(Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Svanhildur Svavarsdóttir, 2010). Þessar niðurstöður vekja meðal annars upp spurningar um virðingarstig náms og samfélagslega áherslu á bóknám (Blöndal, Jónasson og Tannhäuser, 2011). Þá benda rannsóknir til þess að nemendum sem líkaði betur við verklegt nám í grunnskóla en bóklegt, séu í meiri brotthvarfshættu (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Þessar upplýsingar gefa meðal annars vísbendingar um óígrundað námsval nemenda sem getur verið ein af margvíslegum ástæðum fyrir brotthvarfi frá námi. Ýmsar rannsóknir benda til þess að nemendur sem hafi ígrundað námsval sitt og sett sér skýr framtíðarmarkmið séu líklegri til þess að ljúka námi (Ryan og Deci, 2000; Scheel og Gonzalez, 2007; Tinto, 1993).

Skuldbinding til náms og skóla (e. *student engagement*) er lykilhugtak í mörgum kenningum um brotthvarf frá námi. Skuldbinding er einskönar regnhlífarhugtak sem nær yfir hegðun og viðhorf nemenda til náms og skólans í heild. Skuldbinding nemenda virðist í heildina dvína með auknum aldri og ná lágmarki á unglingsárunum. Þannig er í auknum mæli litið á brotthvarf frá námi sem endapunktur á löngu ferli, sem getur hafist jafnvel snemma á grunnskólaaldri (Blöndal og Jónasson, 2010; Dynarski o.fl., 2008; Finn, 1989, 1993). Rannsóknir hafa sýnt að skuldbinding nemenda spái fyrir um brotthvarf frá námi (e. *predict*) jafnvel þegar búið er að stjórna fyrir áhrifum fyrri námsárangurs og bakgrunns nemenda. Þá benda rannsóknir einnig til að hægt sé að hafa áhrif á skuldbindingu nemenda (Fredricks, Blumenfeld og Paris, 2004; Rumberger, 1995, 2001; Rumberger og Lim, 2008). Því er mikilvægt að finna leiðir til þess að vekja og viðhalda áhuga nemenda, stuðla að jákvæðara viðhorfi þeirra gagnvart náminu og skólanum og hvetja nemendur til meiri þátttöku í skólastarfinu, sem allt eru undirþættir skuldbindingar.

Markmið þessa verkefnis er að varpa ljósi á óákveðni nema í íslenskum framhaldsskólum um námsval sitt. Markmiðið er jafnframt að varpa ljósi á tengsl óákveðni í námsvali við skuldbindingu nemenda til náms og skóla. Rannsóknir benda til að nemendur sem hafi ígrundað námsval sitt og hafi skýr framtíðarmarkmið séu líklegri til þess að ljúka námi í framhaldsskóla (Ryan og Deci, 2000; Scheel og Gonzalez, 2007; Tinto, 1993) en tengsl óákveðni í námsvali við skuldbindingu hafa lítið verið rannsökuð og er nýlunda þessa verkefnis. Í ljósi mikils brotthvarfs frá námi á Íslandi og þess hve fáir nemendur velja starfsnám að

loknum grunnskóla hér á landi, er viðfangsefnið mikilvæg viðbót við þær upplýsingar sem við höfum nú þegar öðlast um ástæður brotthvarfs frá námi. Niðurstöðurnar geta styrkt stoðir undir mikilvægi náms- og starfsfræðslu ásamt því að benda á mikilvægi þess að ýta undir skuldbindingu nemenda, meðal annars á þann hátt að nemendur íhugi eigin áhuga, gildi og sjái tengingu milli náms og framtíðarmarkmiða. Þannig eru meiri líkur á að nemendur sjái tilgang með náminu, það vekir áhuga þeirra og hvetji til meiri námslegrar þátttöku sem eru meðal annara þátta undirþættir skuldbindingar (Fredricks o.fl., 2004).

Brotthvarf frá námi í framhaldsskóla: Staðan á Íslandi

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að fá innsýn í bakgrunn þessa viðfangsefnis, það er stöðu brotthvarfs á Íslandi. Þegar leitað er leiða til þess að draga úr brotthvarfi frá námi er mikilvægt að rannsaka vel ástæður sem liggja að baki miklu brotthvarfi úr framhaldsskóla svo hægt sé að skilja vandann betur (Rumberger, 2001; Rumberger og Lim, 2008). Skilgreining á því hvað telst til brotthvarfs frá námi er á reiki og misjafnt eftir löndum og stofnunum hvaða skilgreiningar er stuðst við (Gerður G. Óskarsdóttir, 1993). Vegna þessa er mikilvægt að hafa í huga að erfitt getur verið að bera saman brotthvarf milli landa (Menntamálaráðuneytið, 2010). Hér á Íslandi hefur brotthvarfshópurinn verið skilgreindur sem þeir einstaklingar sem ekki hafa lokið og ekki eru í framhaldsskóla við 24 ára aldur (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Brotthvarf frá námi er ferli þar sem margir samverkandi þættir koma saman. Þannig er brotthvarf frá námi ekki eitthvað sem gerist skyndilega heldur er yfirleitt um langt tímabil að ræða sem hægt er að rekja langt aftur í grunnskóla (Rumberger, 2001; Rumberger og Lim, 2008). Þrátt fyrir að ekki sé hægt að tala um orsakasamband í fræðilegri umræðu um brotthvarf frá námi, hafa margar rannsóknir á sviðinu sýnt fram á sterka forspárþætti sem virðast auka eða draga úr líkum á brotthvarfi (Rumberger og Lim, 2008).

Dæmi um aðferðir sem hafa verið notaðar til þess að meta umfang brotthvarfs frá námi eru annars vegar námsgengishlutfall (e. *completion rate*) og hins vegar brautskráningarhlutfall (e. *graduation rate*). Námsgengishlutfall er hlutfall þeirra nemenda sem útskrifast úr framhaldsskóla á þeim námstíma sem skólakerfið gerir ráð fyrir, eða fjórum árum eftir innritun á Íslandi. Í ljósi þess að

rúmlega 95% hvers árgangs hefur nám í framhaldsskólum á Íslandi að loknum grunnskóla vekur lágt námsgengishlutfall athygli (Hagstofa Íslands, 2012a, 2012b; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Í samanburði við önnur aðildarríki OECD er námsgengishlutfall hvergi lægra en á Íslandi. Af nemendum sem hófu nám í framhaldsskóla árið 2003 hafði einungis 44% nemenda lokið námi fjórum árum eftir innritun. Að meðaltali er þetta hlutfall 70% innan OECD ríkjanna. Tveimur árum síðar, það er sex árum eftir innritun í framhaldsskóla, höfðu 58% nemenda lokið námi á Íslandi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Þessum tölum ber saman við niðurstöður árgangarannsóknna sem hafa sýnt að rúmlega 30% nemenda hefur ekki lokið námi og er ekki í framhaldsskóla við 24 ára aldur (Hagstofa Íslands, 2008; Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1992; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Rannsóknir sýna því að hátt brotthvarf frá námi virðist vera viðvarandi á Íslandi og hefur hlutfallið lítið breyst síðustu áratuginna.

Brautskráningarhlutfall (e. *graduation rate*) er skilgreining sem felur í sér áætlun um hve stór hluti árgangs er líklegur til að ljúka prófi á framhaldsskólastigi einhvern tímann á ævinni. Í samanburði við önnur lönd er hér á landi meiri munur á brotthvarfstölum eftir því hvora skilgreininguna er stuðst við. Brautskráningarhlutfall hefur aukist mikið á Íslandi undanfarin ár og útreikningar á því sýna að um 88% innritunarárgangs í framhaldsskóla mun væntanlega ljúka framhaldsskólaprófi einhvern tímann á ævinni. Mismunurinn á námsgengishlutfalli og brautskráningarhlutfalli felur í sér hversu margir útskrifast með framhaldsskólapróf í fyrsta sinn eftir 24 ára aldur. Þannig er brautskráningarhlutfall hér á landi frekar hátt í samanburði við önnur OECD lönd, en námsgengishlutfall aftur á móti lágt. Þróun brautskráningarhlutfalls úr framhaldsskólastigi á Íslandi hefur hækkað meira frá árinu 2000 til 2010 en meðaltal OECD landanna sem vísar til sveigjanlegs menntakerfisins og öflugrar símenntunar á Íslandi samanborið við mörg önnur OECD lönd (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Þróun brautskráningarhlutfalls á Íslandi er vissulega jákvæð því hún sýnir að menntunarstaða þjóðarinnar fer batnandi. Slakt námsgengishlutfall er aftur á móti áhyggjuefni, það er hve fáir undir 25 ára aldri hafa lokið námi af framhaldsskólastigi. Vegna þessa mun taka meiri tíma að bæta menntunarstöðu og samkeppnishæfni þjóðarinnar, ásamt því að það er kostnaðarsamara fyrir

þjóðfélagið. Tölur frá OECD sýna jafnframt að aðrar þjóðir sem eru með svipaða eða verri menntunarstöðu en Ísland bæta sína stöðu hraðar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Því er nauðsynlegt að finna leiðir til að draga úr brotthvarfi og bæta námsgengishlutfallið ef Ísland ætlar ekki að heltast úr lestinni varðandi samkeppnishæfni starfsfólks á vinnumarkaði.

Þegar brotthvarfstölur eru bornar saman milli landa er mikilvægt að hafa í huga að ýmsir þættir sem snerta málefnið eru breytilegir milli landa. Það sem helst ber að nefna er að námstími framhaldsskóla er lengri hér en almennt gerist í Evrópulöndunum, það er fjögur ár í stað þriggja víðast annars staðar. Samkvæmt alþjóðlegri flokkun menntunar (ISCED97) telst nemandi ekki hafa lokið framhaldsskóla ef hann hefur lokið námi sem er meira en einu ári styttra en hefðbundið nám til stúdentsprófs, sem er fjögur ár hér á Íslandi en þrjú ár í flestum öðrum Evrópulöndum. Þannig telst nemandi sem til dæmis hefur lokið almennu verslunarprófi (tveggja ára nám) til brotthvarfshópsins hér á landi, en ekki í nágrannalöndunum í alþjóðlegum samanburði (Menntamálaráðuneytið, 2010). Jafnframt er hægt að horfa til ólíkrar menningar milli landa. Lengi var atvinnuástand á Íslandi gott. Atvinnuleysi var hér nánast óþekkt og mörg atvinnutækifæri voru fyrir einstaklinga án formlegrar menntunar, sem líklegt er að hafi lokkað fólk út á vinnumarkaðinn og þar af leiðandi úr námi. Í kjölfar efnahagskreppunnar árið 2008 breyttist íslenskt atvinnulíf skyndilega, atvinnuleysi varð töluvert og kröfurnar um menntun jukust. Rúmlega helmingur atvinnuleitenda árið 2011 voru eingöngu með grunnskólapróf eða sambærilega menntun, sem vísar til slæmrar stöðu þessa hóps (Blöndal o.fl., 2011; Vinnumálastofnun, 2012).

Þrátt fyrir að brotthvarfstölur gefi ekki nákvæma mynd af stöðu mála og að samanburður sé oft á tíðum erfiður, er ljóst að brotthvarf frá námi á Íslandi er miklu meira en ásættanlegt er og ekki í samræmi við opinber markmið. Árið 2008 voru sett ný framhaldsskólalög sem hafa það meðal annars að markmiði að draga úr brotthvarfi frá námi en jafnframt hafa margar skýrslur verið ritaðar um viðfangsefnið og skýr markmið sett sem miða að því að hækka menntunarstig þjóðarinnar (Forsætisráðuneytið, 2011; Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; Menntamálaráðuneytið, 2010).

Skuldbinding nemenda til náms og skóla

Skuldbinding nemenda til náms og skóla (e. *student engagement*) er mikilvægt hugtak í fræðilegri umræðu um brotthvarf frá námi. Skuldbinding nemenda er einskonar regnhlífahugtak sem nær yfir hegðun og viðhorf nemenda til skólans og námsins (Blöndal og Jónasson, 2010). Í auknum mæli er litið á brotthvarf frá námi sem endapunktur á löngu ferli þar sem skuldbinding nemenda til námsins dvínar og þannig verða nemendur smátt og smátt afhuga námi (e. *disengaged*) (Dynarski o.fl., 2008; Finn, 1989, 1993). Skuldbinding nemenda til náms og skóla er margþætt hugtak sem skipta má í þrjár víddir samkvæmt samantekt Fredricks o.fl. (2004) á rannsóknum á sviðinu, það er hegðunarlega-, tilfinningalega- og vitsmunalega skuldbindingu.

Hegðunarleg skuldbinding (e. *behavioral engagement*) birtist bæði í námslegum og félagslegum þáttum. Dæmi um jákvæða hegðunarlega skuldbindingu er að mæta vel í skólann, sinna heimanámi, fylgja reglum innan skólans og sýna góða hegðun. Hegðunarleg skuldbinding felur einnig í sér þátttöku í skólastofunni eins og að halda einbeitingu og athygli ásamt því að taka þátt í umræðum og spyrja spurninga. Að auki felur hegðunarleg skuldbinding í sér þátttöku í skólatengdum atburðum eins og félagslífi, stjórnnum og ráðum á vegum skólans og íþróttum. Á gagnstæðum enda hegðunarlegrar skuldbindingar má finna neikvæða hegðun eins og fjarvistir, að mæta of seint í tíma, truflandi hegðun eða að draga sig til hlés í skólastofunni (Fredricks o.fl., 2004).

Tilfinningaleg skuldbinding (e. *emotional engagement*) vísar til tilfinningalegra viðbragða nemenda gagnvart skólanum, náminu, starfsfólki og samnemendum. Undir tilfinningalega skuldbindingu fellur meðal annars námsáhugi, námsleiði, gleði, kvíði og gildismat nemenda, til dæmis um mikilvægi góðs námsárangurs. Undir tilfinningalega skuldbindingu fellur einnig viðhorf nemenda til starfsfólks skólans og samnemenda. Það að nemandi finnist hann tilheyra skólanum og vera hluti af hópnum tengist tilfinningalegri skuldbindingu. Þannig er um að ræða samsömun við skólann í heild, nemendur, starfsfólk og viðfangsefni kennslunnar (Fredricks o.fl., 2004).

Vitsmunaleg skuldbinding (e. *cognitive engagement*) felur í sér vilja til þess að fjárfesta í náminu (e. *investment*), það er að leggja sig fram og ná langt í námi. Með því er meðal annars átt við löngun til þess að gera meira en ætlast er til í

náminu og að viljann til að fást við ögrandi verkefni. Undir skilgreiningu vitsmunalegrar skuldbindingar fellur einnig að vera góður í að leysa ýmis vandamál, að vinna vel undir álagi, sveigjanleiki, jákvæðni og að gefast ekki upp þó á móti blási (Fredricks o.fl., 2004).

Rannsóknir hafa sýnt að skuldbinding nemenda til náms og skóla spái fyrir um (e. *predict*) brotthvarf frá námi, jafnvel þegar búið er að stjórna fyrir áhrifum fyrri námsárangurs og bakgrunns nemenda (Fredricks o.fl., 2004; Rumberger, 1995, 2001; Rumberger og Lim, 2008). Þar sem að um margþætt hugtak er að ræða og fjölbreyttan hóp brotthvarfsnemenda er mikilvægt að skoða nánar tengsl hvers undirþáttar skuldbindingar fyrir sig við brotthvarf frá námi (Glanville og Wildhagen, 2007). Rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl allra þriggja undirþátta skuldbindingar við brotthvarf. Nemendur sem sýna skuldbindingu virðast líklegri til að halda áfram í námi. Hegðunarleg skuldbinding virðist helst spá fyrir um brotthvarf af þáttum skuldbindingar. Það er að þeir nemendur sem mæta vel í tíma, sinna náminu vel og taka þátt í kennslustundum eru líklegri til þess að halda áfram í námi (Archambault, Janosz, Fallu og Pagani, 2009; Blöndal og Aðalbjarnardóttir, 2012; Rumberger, 1995, 2001). Ástæðan fyrir því að hegðunarleg skuldbinding virðist helst spá fyrir um brotthvarf getur verið sú að auðveldara er að mæla hegðunarlega skuldbindingu en aðra undirþætti skuldbindingar (Archambault o.fl., 2009).

Fyrri námsárangur nemenda er talinn einn helsti forspárþátturinn fyrir brotthvarf frá námi (Blöndal og Aðalbjarnardóttir, 2012; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Hegðunarleg skuldbinding hefur tengsl við einkunnir nemenda, bæði í grunn og framhaldsskólum. Þeir sem eiga við hegðunarvanda að stríða, eða mæta illa og seint í skólann fá að jafnaði lægri einkunnir. Nemendur sem sýna jákvæða hegðunarlega skuldbindingu og taka virkan þátt í skólastarfinu eru líklegri til þess að fá hærri einkunnir (Fredricks o.fl., 2004). Ákvörðun nemenda hins vegar um að hætta í skóla virðist tengjast tilfinningalegri skuldbindingu nemenda. Nemendur sem ekki eru ánægðir í skólanum og líður ekki vel eru líklegri til að hverfa frá námi (Finn, 1989).

Langtímarannsókn Kristjónu Stellu Blöndal og Sigrúnar Aðalbjarnardóttur á skuldbindingu nemenda sýndi að bæði hegðunarleg og tilfinningaleg skuldbinding nemenda við 14 ára aldur og hvernig hún þróaðist frá 14 til 15 ára aldurs greindi á

milli nemenda sem höfðu lokið námi í framhaldsskóla við 22 ára aldur og þeirra sem höfðu hætt námi í framhaldsskóla. Þannig sýndu nemendur sem ekki höfðu lokið námi í framhaldsskóla litla hegðunarlega skuldbindingu við lok grunnskóla. Nemendur sem aftur á móti höfðu lokið framhaldsskóla sýndu mikla hegðunarlega skuldbindingu við lok grunnskóla. Það er athyglisvert að það sem skildi að nemendur sem höfðu lokið framhaldsskóla samanborið við þá sem höfðu hætt námi var bæði hegðunarleg- og tilfinningaleg skuldbinding. Nemendur sem fengu góðar einkunnir en hættu námi sýndu frekar neikvæða hegðun, þeim leiddist námið, þeir sáu ekki tilgang með náminu og höfðu minni samsömun við skólann í samanburði við þá sem höfðu góðar einkunnir og luku námi. Þannig virðist neikvæð þróun skuldbindingar ýta undir hættu á að nemendur hverfi frá námi, jafnvel þótt þeir standi vel að vígi með tilliti til einkunna (Blöndal og Aðalbjarnardóttir, 2012).

Það vekur athygli að í rannsóknum á námsgengi árganganna sem fæddir eru árin 1969 og 1975, kom í ljós að námsleiði og áhugaleysi var ein helsta ástæðan sem nemendur gáfu upp fyrir að hætta í námi (Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1992; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Yfir 40% svarenda 1975 árgangsins sagði að námsleiði hefði verið mjög eða frekar mikilvæg ástæða fyrir því að hætta í námi og rétt innan við fimmtungur svarenda töldu að námsleiði hafi verið mikilvægasta ástæðan fyrir því að hafa hætt námi (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Námsleiði og áhugaleysi vísar til skorts á tilfinningalegri skuldbindingu og því er mikilvægt að skoða nánar hvernig hægt er að auka tilfinningalega skuldbindingu nemenda til náms. Af niðurstöðum rannsóknar á 1975 árganginum, þar sem hátt hlutfall brotthvarfsnemenda nefndi það að leiðast námið hafi verið mjög eða frekar mikilvæg ástæða fyrir því að hætta í námi, mætti draga ályktanir að einhverjir þessara nemenda hafi ekki verið í námi tengdu áhugasviði þeirra og því hafi námið ekki vakið áhuga þeirra. Leiða má líkum að því að einhverjir þessara nemenda hefðu haldið áfram í námi hefðu þeir fengið náms- og starfsráðgjöf og fræðslu í grunnskóla, sem hefði getað stuðlað að því að nemendur hefðu verið tilbúnari til þess að taka ákvörðun um nám í framhaldsskóla og valið frekar nám tengt eigin áhuga og gildum. Þetta verður nánar útskýrt í næstu köflum þessa verkefnis.

Óákveðni í námsvali

Skólaskil úr grunnskóla í framhaldsskóla eru stór kaflaskipti í starfsferilsþróun einstaklinga (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Skólaskyldu líkur á þessum tímamörkum og einstaklingur þarf því ekki aðeins að ákveða hvort hann ætlar í áframhaldandi nám, heldur þarf hann einnig að taka ákvörðun um hvaða skóla og hvaða nám hann vill leggja stund á. Það hve margir nemendur hætta námi á fyrstu árum framhaldsskólans getur vísað til óákveðni í námsvali, að nemendur hafi ekki ígrundað námsval sitt nægilega vel og ef til vill ekki fundið áhuga sínum og gildum réttan farveg í námi (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Ryan og Deci, 2000; Scheel og Gonzalez, 2007; Tinto, 1993).

Sú ákvörðun að velja nám reynist mörgum nemendum mikil áskorun og getur jafnvel verið mikil byrði fyrir unga einstaklinga. Því vekur kannski ekki undran að margir nemendur séu óákveðnir í námsvali, en líkt og Krumboltz (1998) leggur áherslu á í kenningu sinni þarf sú upplifun ekki að vera neikvæð, heldur getur hún einfaldlega þýtt að nemendur séu með opinn huga varðandi framtíð sína. Þrátt fyrir að vera með opinn huga finna nemendur fyrir ábyrgð til þess að velja rétt og því er að mörgu leyti skiljanlegt hversu margir fresta því að taka þessa ákvörðun og fyllast kvíða þegar þeir leiða hugann að framtíðarstarfi (Gottfredson, 2005). Til þess að finna megi leiðir sem styrkja nemendur í að taka ákvörðun varðandi nám og störf er mikilvægt að hafa í huga hvað liggur að baki óákveðni nemenda í tengslum við náms- og starfsval.

Rannsóknir á óákveðni við náms- og starfsval hafa í gegnum tíðina ekki haft mikið fræðilegt og hagnýtt gildi í náms- og starfsráðgjöf. Brown og Rector (2008) telja ástæðuna vera að margir ólíkir þættir hafa verið tengdir við við hugsmíðina. Óákveðni í námsvali er margþætt vandamál og hægt er að greina undirliggjandi þætti óákveðni í námsvali í nokkra flokka. Í ljósi þessa tóku Brown og Rector (2008) saman helstu rannsóknir sem gerðar hafa verið á sviðinu og framkvæmdu safngreiningu (e. *meta analysis*) og klasagreiningu (e. *cluster analysis*) með það að markmiði að varpa ljósi á ákvarðanatökuvanda. Niðurstöður þessarar rannsóknar var fjögurra þátta líkan Brown og Rector (2008) um óákveðni við náms- og starfsval. Fyrsti þátturinn, *óákveðni og neikvæðar tilfinningar* felur í sér atriði eins og kvíða og þunglyndi, lágt sjálfstraust, almennt óöryggi við að leysa vandamál, skuldbindingaóttá og forðun auk þeirrar hugmyndar að lífið stjórnist af tilviljun eða

ytri þáttum. Annar þátturinn, *skortur á upplýsingum*, felur í sér að einstaklingum vantar upplýsingar um ákvarðanatökufærið, en einnig vantar þá meiri sjálfsþekkingu, upplýsingar um störf og leiðir til að ná í upplýsingar. Þriðji þátturinn, *ágreiningur og hindranir* felur í sér ágreining við aðila sem skipta einstaklinginn máli varðandi ákvörðunartökuna, skynjun á ytri hindrunum og aðstæðubundnar hindranir. Fjórdi þátturinn sem nefnist *skortur á því að vera tilbúinn til þess að taka ákvörðun* felur meðal annars í sér óljósa sjálfsvitund, óskýra sjálfsmynd, lágt mat á eigin færni við ákvarðanatöku, óþroskuð viðhorf til náms og starfa, óstöðug markmið auk skorts á hvatningu til að skuldbinda sig við náms- og starfsval.

Rannsókn Önnu Óskar Ómarsdóttur (2011) á því hvort fjögurra þátta líkan Brown og Rector kæmi fram hjá íslenskum framhalds- og háskólanemendum, sýndi að tveir þættir komu fram hjá nemendum sem eiga í erfiðleikum með að taka ákvarðanir varðandi námsval, eins og í líkani þeirra félaga. Það voru þættirnir *óákveðni* og *neikvæðar tilfinningar* sem og *skortur á upplýsingum*. Í rannsókn Önnu Óskar komu einnig fram þættirnir *samviskusemi* og *óöryggi*, en þeir þættir ættu að tilheyra þættinum *skortur á því að vera tilbúinn* samkvæmt líkani Brown og Rector. Með þær upplýsingar í hendi um hvaða þættir liggja að baki óákveðni í námsvali er nærtækast að leita leiða hvernig megi efla hæfni nemenda til þess að taka ákvarðanir og hvernig styrkja megi nemendur til þess að taka upplýsta ákvörðun varðandi nám og störf.

Þrátt fyrir að rannsóknir á óákveðni í námsvali hafi ekki haft mikið hagnýtt og fræðilegt gildi hingað til, benda rannsóknir til þess að skýr framtíðarmarkmið séu mikilvæg í tengslum við skuldbindingu til náms. Rannsóknir sýna að nemendur sem tengja námið við framtíðarmarkmið, til dæmis varðandi áframhaldandi nám eða varðandi störf, séu líklegri til þess að sjá tilgang með náminu og hafi jákvæðara viðhorf til skólans. Þannig benda rannsóknir til þess að þeir nemendur sem hafi leitt hugann að því hvert þeir stefni í framtíðinni sýni meiri skuldbindingu til náms (Ryan og Deci, 2000; Scheel og Gonzalez, 2007; Tinto, 1993). Rannsókn Scheel og Gonzalez (2007) bendir til þess að framtíðarmarkmiðin þurfa ekki endilega að vera mjög nákvæm og miða að ákveðnu starfi, heldur þurfa þau að vera þannig að nemendur sjái tilgang með náminu og tengi mikilvægi þess við áframhaldandi nám eða framtíðarstörf.

Íslenskar rannsóknir þar sem skoðuð eru tengsl óákveðni í námsvali við brotthvarf hafa hingað til aðallega verið unnar með eigindlegum rannsóknaraðferðum, eða í tengslum við prófanir á matstækjum samanborið við fjögurra þátta líkan Brown og Rector. Niðurstöður rannsókna Þórhöllu Gunnarsdóttur (2006) og Bjargeyjar Gígju Gísladóttur (2009) þar sem þær leggja áherslu á að fá innsýn í upplifun brotthvarfsnemenda, benda til þess að nemendurnir hafi ekki valið námsbraut í samræmi við áhuga og markmið. Þá benda niðurstöður þeirra til þess að nemendunum hafi leiðst námið og fundist það tilgangslaust, sem er í samræmi við niðurstöður rannsókna á 1975 árganginum (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Arna Björk Birgisdóttir, Ragnhildur Skjaldardóttir og Rannveig Óladóttir (1995) þýddu og forprófuðu matstækið *Career Factors Inventory* sem er þróað til þess að mæla óákveðni í námsvali hjá háskólanemendum. Niðurstöður þeirra leiddu í ljós að nemendur á háskólastigi sem stunduðu nám sem leiðir til starfa sýndu minni óákveðni í námsvali en nemendur í námi sem leiða ekki beint til ákveðinna starfa. Draga má þær ályktanir að nemendur sem velja námsleiðir sem leiða til starfa hafi ígrundað námsval sitt, sjái tengsl námsins við framtíðarmarkmið í starfi og séu því ákveðnari í námsvali.

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á tengslum óákveðni í námsvali við brotthvarf frá námi benda til niðurstaðna í samræmi við kenningu Holland (1997) um mikilvægi samræmis milli eigin áhuga og náms- eða starfsvals. Í ljósi upplýsinga um meðal annars námsleiða og áhugaleysi brotthvarfsnemenda er mikilvægt að skoða tengsl óákveðni í námsvali við skuldbindingu til náms, en skortur er á slíkum rannsóknum. Í ljósi þess að *skortur á upplýsingum* virðist vera einn lykilþátta varðandi óákveðni í námsvali er nærtækast að horfa til náms- og starfsráðgjafar til þess að efla ákvörðunartökuhæfni nemenda. Mikilvægt hlutverk náms- og starfsráðgjafar er að veita upplýsingar varðandi nám og störf, ásamt því að hvetja nemendur til sjálfsskoðunar og markmiðasetningar varðandi framtíðina. Líkt og fjallað verður nánar um í næsta kafla hefur verið sýnt fram á tengsl náms- og starfsfræðslu við aukna ákvörðunartökuhæfni nemenda (Guðbjörg Vilhjálmstöttir, 2000; Vilhjálmstöttir, 2007, 2010).

Náms- og starfsfræðsla

Stjórnvöld, bæði á Íslandi og á alþjóðlegum vettvangi hafa lagt áherslu á náms- og starfsfræðslu meðal annars sem leið til þess að sporna gegn brotthvarfi frá námi. Talið er að náms- og starfsfræðsla geti stuðlað að því að nemandi taki ígrundaða ákvörðun varðandi náms- og starfsval sem sé grunnur að góðum náms- og starfsferli (Alþingi, 2007, 2008; Forsætisráðuneytið, 2012; Menntamálaráðuneytið, 1998, 2007; OECD, 2004). Náms- og starfsfræðsla er í eðli sínu fyrirbyggjandi fyrir brotthvarf, það er að einstaklingar eru hvattir til sjálfsskoðunar, upplýsingaöflunar og aðstoðaðir við að finna hæfileikum sínum og áhuga réttan farveg (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Kenningar í náms- og starfsráðgjöf byggja í grunninn á hugmyndum Parsons frá árinu 1909. Parsons talaði um þrjú mikilvæg skref sem einstaklingar þurfa að stíga þegar þeir velja sér nám og störf. Fyrsta skrefið er að öðlast skilning á sjálfum sér, eigin áhuga, hæfni og gildum. Næsta skref er að afla sér þekkingar á því hvað felst í námi og störfum og að lokum er mikilvægt að tengja þetta tvennt saman, það er persónueinkenni og hugsanlegt náms eða starfsumhverfi (Sharf, 2010). Í kenningu sinni um áhugasvið gerir Holland (1997) ráð fyrir því að ef samræmi er á milli þess sem sem að einstaklingur hefur áhuga á og því sem hann velur sér í námi eða starfi eru meiri líkur á góðum árangri og ánægju einstaklingsins. Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar er í samræmi við hugmyndir Holland og Parsons. Það er að efla sjálfþekkingu einstaklinga þannig að hver og einn sé meðvitaður um eigin hæfileika, áhuga og gildi. Fræðsla um námsleiðir, skóla og inntak náms er jafnframt hluti af náms- og starfsfræðslu þar sem rætt er um starfaheiminn á hlutlausan hátt og nemendur eru hvattir til þess að leita sér upplýsinga um nám og störf. Þá er lögð áhersla á að nemendur tengi þessar upplýsingar sjálfum sér, þannig að nemendur séu tilbúnir til þess að taka upplýsta og ígrundaða ákvörðun varðandi nám og störf (Gerður G. Óskarsdóttir, 1990, 2000; Menntamálaráðuneytið, 1991, 1998, 2007).

Starfsþróunarkenningar (e. *career development theories*) útskýra hvernig náms- og starfsferill einstaklinga þróast samhliða lífsreynslu. Donald Super (1980) og Linda Gottfredson (2005) leggja áherslu á hvernig ákvarðanataka varðandi nám og störf þróast alla ævina, allt frá barnæsku. Í ljósi kenninga þeirra er mikilvægt að nemendur fái náms- og starfsfræðslu alla skólagönguna þar sem börn byrja snemma

að þróa með sér hugmyndir um störf út frá áhrifum samfélagsins. Þannig telur Gottfredson að börn útiloki snemma störf sem þau telji ekki henta sér, en að sú ákvörðun sé oft byggð á staðalmyndum og því umhverfi sem börn þekkja. Því telur hún mikilvægt að börn fái náms- og starfsfræðslu snemma á lífsleiðinni til þess að víkka sjóndeildarhring þeirra og efla sjálfsþekkingu.

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 eiga allir nemendur rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar. Þrátt fyrir skýr lagaákvæði um rétt nemenda til náms- og starfsráðgjafar hefur víða verið skortur á að lögunum hafi verið framfylgt, þá sérstaklega á grunnskólastigi. Árið 2007 voru til að mynda starfandi náms- og starfsráðgjafar í einungis 77 grunnskólum af 177. Jafnframt hefur nemendafjöldi á hvert stöðugildi verið langt yfir viðmiðunarmörkunum, sem eru 300 nemendur á stöðugildi og því má leiða líkur að því að aðgengi allra nemenda að náms- og starfsráðgjöf sé víða ábótavant (Menntamálaráðuneytið, 2007). Í könnun Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (1995) á náms- og starfsfræðslu í grunnskólum kom í ljós að aðeins 17% nemenda í 10. bekk fengu enga náms og starfsfræðslu, og 29% nemenda voru frædd um nám og störf innan við 20 kennslustundir yfir skólaárið. Nýrri tölur um fjölda náms- og starfsráðgjafa benda því miður ekki til mikillar aukningar náms og starfsfræðslu (Menntamálaráðuneytið, 2007). Því er margt sem bendir til þess að mikill hluti nemenda útskrifast úr grunnskóla hér á landi með lítinn eða engan undirbúning að baki fyrir að velja sér nám í framhaldsskóla eða starf. Mikilvægt er að tryggja aðgengi allra að náms- og starfsráðgjöf, en rannsókn Scheel og Gonzales (2007) bendir til þess að þeir nemendur sem hafi skýr markmið með námi séu líklegri til þess að leita sér ráðgjafar en þeir sem hafi ekki skýr markmið. Þannig má leiða líkur að því að þeir sem mest þyrftu á náms- og starfsráðgjöf að halda sækist ekki eftir henni sjálfir.

Rannsóknir Guðbjargar Vilhjálmsdóttur benda til þess að forvarnargildi náms- og starfsfræðslu sé mikið og efla ákvörðunarhæfni nemenda þegar kemur að því að velja nám á framhaldsskólastigi (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2000; Vilhjálmsdóttir, 2007, 2010). Í rannsókn hennar frá árinu 2007 þar sem lagt var mat á náms- og starfsfræðslu kom fram að þeir nemendur sem fengu markvissa náms- og starfsfræðslu í grunnskóla áttu auðveldara með að taka ákvörðun um nám að loknum grunnskóla í samanburði við þá sem ekki fengu náms- og starfsfræðslu.

Jafnframt höfðu þessir nemendur aflað sér víðtækra upplýsinga um nám og störf, sýndu skipulega starfahugsun og meiri ákveðni í náms- og starfsvali (Vilhjálmssdóttir, 2007). Það sem vekur jafnframt athygli, í ljósi þess hve fáir nemendur á Íslandi velja starfsnámsbraut í framhaldsskóla er að í framhaldsrannsókn Guðbjargar um árangur náms- og starfsfræðslu kom í ljós að þeir nemendur sem tóku framförum í að hugsa skipulega um störf við lok grunnskóla voru líklegri til að útskrifast úr verknámi í framhaldsskóla. Þeir nemendur sem höfðu tekið litlum framförum í starfahugsun við lok grunnskóla voru líklegri til að hafa hætt námi fyrir 23 ára aldur. Í rannsókninni kom einnig fram að framfarir í skipulagðri starfshugsun í 10. bekk virtust spá fyrir um brottfall annars vegar og lok starfsnáms í framhaldsskóla hinsvegar, að teknu tilliti til einkunna og félagslegra breyta (Vilhjálmssdóttir, 2010).

Krumboltz leggur áherslu á að með síbreytilegu starfaumhverfi þar sem áhersla er lögð á símenntun (e. *life long learning*) sé mikilvægt hlutverk náms- og starfsráðgjafa að hvetja til samfellds náms og að hafa opinn huga varðandi framtíðina. Hann leggur áherslu á sjálfsþekkingu, en einnig að einstaklingar fái tækifæri til þess að læra um starfaheiminn, þar sem vel þurfi að fylgjast með nýrri tækni og þróun sem einstaklingar þurfi að aðlagast sig að. Samkvæmt kenningu Krumboltz er því mikilvægt að ráðgjafi hvetji ráðþega til sjálfsskoðunar og stuðli að því að hann kynnist starfaheiminum á hlutlausan hátt, óháð nærumhverfinu. Þannig geti einstaklingar tengt saman eigin áhuga, hæfni og gildi við störf sem vekja áhuga. Þar sem mörgum getur reynst erfitt reynst að taka ákvörðun varðandi starfsval er mikilvægt að hvetja nemendur til þess að hafa opinn huga, taka tækifærunum sem bjóðast, forðast það að líta á náms- og starfsval sem lokapunktur og vera viðbúna óvæntum aðstæðum. Hann dregur þó ekki undan mikilvægi þess að ígrunda vel eigin áhuga, kynna sér starfaheiminn og ákvarða þannig næstu skref, það er það sem einstaklingnum langar að gera næst og sjá hvert það leiðir hann (Krumboltz, 1998, 2009).

Eins og áður sagði byggir náms- og starfsfræðsla í grunninn á kenningum þar sem áhersla er lögð á að velja nám og starf eftir áhuga til þess að auka líkur á velgengni og ánægju einstaklingsins (Holland, 1997; Sharf, 2010). Í ljósi rannsókna og kenninga er mikilvægt að tryggja að allir nemendur á grunn- og framhaldsskólaaldri fái markvissa náms- og starfsfræðslu þar sem áhersla er lögð á

að nemendur hugi vel að eigin náms- og starfsferli þannig að þeir verði betur undirbúnir til þess að taka vel ígrundaða ákvörðun varðandi námsval. Leiða má líkum að því að með aukinni náms- og starfsfræðslu séu nemendur betur í stakk búnir til þess að taka farsælar námstengdar ákvarðanir, líkt og kröfur gera um á skilum skólastiga úr grunnskóla í framhaldsskóla (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 1995; Vilhjálmsdóttir, 2010).

Staða starfsnáms á Íslandi

Staða starfsnáms á Íslandi (e. *vocational education and training*) vekur athygli þegar rýnt er í brotthvarfstölur, en töluvert færri ljúka starfsnámi hér á Íslandi en almennt gerist í nágrannalöndunum. Í samanburði við nágrannalönd ljúka hér álíka margir bóklegu námi á framhaldsskólastigi, en háa brotthvarfstíðni má að einhverju leyti rekja til hversu fáir stefna á og ljúka námi á starfsnámsbrautum hér á landi (Forsætisráðuneytið, 2011, 2012; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; OECD, 2012). Í umræðu um námsval nemenda á Íslandi er því óhjákvæmilegt að rýna nánar í stöðu starfsnáms hér á landi og mögulegar skýringar á því hvers vegna nemendur virðast velja velja nám í framhaldsskóla óháð því hvort þeim líkar betur við bóklegt eða verklegt nám í grunnskóla, á kostnað starfsnáms (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Svanhildur Svavarsdóttir, 2010).

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að halda því til haga hvaða námsbrautir flokkast undir starfsnám, en Gestur Guðmundsson (1993) hefur skilgreint starfsnám sem allt nám sem miðar beint að undirbúningi undir tiltekin störf á vinnumarkaði, hvort sem það veitir formleg réttindi eða ekki og hvort sem það byggir á verklegu eða bóklegu námi. Samkvæmt ÍSNÁM2008, flokkunarkerfi Hagstofu Íslands (e.d.-b) sem byggir á alþjóðlegu flokkunarkerfi menntunar ISCED97, er starfsnám flokkað sem nám á framhaldsskólastigi sem leiðir beint til starfa á vinnumarkaði, eða til frekara náms á sama stigi. Undir starfsnám flokkast því meðal annars iðnnám, listnám og styttri námsbrautir sem leiða til starfa, til dæmis sjúkraliðabraut og viðskiptabraut.

Starfsnám hefur lengi átt undir högg að sækja hér á landi, eða allt frá miðri 20. öld. Sókn í bóknám hefur aukist mikið um leið og hlutfall nemenda í starfsnámi hefur dregist jafnt og þétt saman (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; Hagstofa Íslands,

2012c; Jón Torfi Jónasson, 1995; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Á sama tíma hefur mikið verið rætt og ritað um mikilvægi þess að auka umfang og virðingu starfsmenntunar, en lítið hefur áunnist (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000). Nemendum á þessum námsbrautum hefur haldið áfram að fækka hlutfallslega. Árið 2011 hafði hlutfall nemenda á starfsnámsbrautum framhaldsskóla ekki verið lægra síðasta áratuginn (Hagstofa Íslands, 2012c).

Í samanburði við Norðurlöndin eru brottfallstölur sérstaklega athyglisverðar þegar horft er til hlutfalls nemenda á starfsnámsbrautum. Árið 2003 var nemendum sem voru að ljúka námi í grunnskólum í Noregi fylgt eftir í 5 ár. Álíka margir þessara nemenda völdu nám á bóknáms og starfsnámsbrautum að loknum grunnskóla, eða um það bil 45% nemenda. Fimm árum síðar, eða árið 2008 hafði tæp 70% nemenda lokið námi, en stærra hlutfall nemenda sem var á bóknámsbrautum hafði lokið námi, 82% samanborið við 55% þeirra sem voru á verknámsbrautum (Markussen, 2010). Rannsókn á námsstöðu 1982 árgangingsins á Íslandi sýnir að við 24 ára aldur, árið 2006, hafði 62% árgangs lokið einhverju námi. Langflestir þeirra höfðu lokið stúdentsprófi, eða um 60%, 20% höfðu lokið háskólaprófi, en margir voru ennþá í námi. Það vekur athygli að einungis 20% þeirra sem höfðu lokið einhverju námi höfðu lokið starfsnámi (Hagstofa Íslands, 2008).

Um þriðjungur íslenskra framhaldsskólanemenda leggur stund á nám á starfsnámsbrautum sem er eins og áður segir töluvert lægra hlutfall en almennt tíðkast í nágrannalöndunum (Hagstofa Íslands, 2012c; OECD, 2012). Það veldur áhyggjum hversu fáir nemendur 10. bekkjar stefna á starfsnám að loknum grunnskóla, eða einungis tæplega 20% nemenda árið 2011 (Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Hrefna Pálsdóttir, 2012). Í rannsókn Svanhildar Svavarsdóttur (2010) kom fram að þrátt fyrir að einungis um 20% nemenda við lok 10. bekkjar stefndi á starfsnám í framhaldsskóla, líkaði helmingi nemenda betur við verklegt nám en bóklegt í grunnskóla. Einungis 20% nemenda líkaði betur við bóklegt nám í grunnskóla og um þriðjungur gat ekki gert upp á milli. Þessar niðurstöður benda því til nokkurs ósamræmis í námsvali í framhaldsskóla og hvort nemendum líkaði betur við bóklegt eða verklegt nám í grunnskóla, á kostnað starfsnáms. Þessar tölur eru í samræmi við rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002) á námsgengi 1975 árgangings

þar sem svarendur voru beðnir um að taka afstöðu til þess hvort þeim hafi líkað betur við verklegt nám eða bóklegt í efstu bekkjum grunnskóla. Miðað við hversu fáir höfðu útskrifast úr starfsnámi vakti athygli að álíka margir svöruðu að þeim hafði líkað betur við bóklegt og verklegt nám, eða um 40% í hvorum hópi. Af þeim sem líkaði betur við verklegt nám í grunnskóla hafði mun lægra hlutfall útskrifast við 24 ára aldur, samanborið við þá sem líkaði betur við bóklegt nám í grunnskóla. Þessar niðurstöður eru athyglisverðar í ljósi þess hve fáir fóru á starfsnámsbrautir í framhaldsskóla, en munurinn kom fram þegar búið var að taka tillit til fyrri námsárangurs ásamt viðhorfum foreldra og nemenda til náms og skóla (Blöndal og Jónasson, 2010). Í ljósi upplýsinga um val nemenda á bóknámsbrautum framhaldsskóla, á kostnað starfsnámsbrauta, þrátt fyrir áhuga á starfsnámi vakna upp spurningar um námsval og hvort að nemendur upplifi samfélagslegan þrýsting til að velja frekar bóknám en starfsnám.

Það hversu seint nemendur útskrifast úr starfsnámi vekur athygli. Um helmingur þeirra sem útskrifuðust með sveinspróf árið 2010 voru eldri en 25 ára. Á sama tíma var 70% útskriftarnemenda af bóknámsbrautum á 20. eða 21. aldursári (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Í nýrri skýrslu starfshóps um samþættingu menntunar og atvinnu, sem ber heitið *Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi*, er það talið mikið umhugsunarefni, í hve litlum mæli nemendur velji starfsnám að loknum grunnskóla þrátt fyrir áhuga á því sviði og að þessir nemendur virðast snúa sér að náminu seinna á lífsleiðinni. Þar er talið að margir villist af leið við lok grunnskóla og velji námsleið sem henti þeim ekki og veki því ekki áhuga til áframhaldandi náms. Þannig er talið að með markvissara námsvali ættu margir nemendur möguleika á að fá starfsréttindi fyrir en ella. Í sömu skýrslu er lögð áhersla á að efla verk og tæknimenntun á framhaldsskólastigi og horft til náms- og starfsráðgjafar til þess að sjá um starfsfræðslu og leiðbeina nemendum um námsval (Forsætisráðuneytið, 2012).

Markmið

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar um mikilvægi skuldbindingar nemenda til náms og skóla og umfjöllunar um óákveðni í námsvali verða í þessu verkefni skoðuð nánar tengsl óákveðni í námsvali við skuldbindingu nemenda til náms og skóla. Það hve lítið hlutfall nemenda hefur nám á starfsnámsbrautum að loknum grunnskóla þrátt fyrir að tæplega helmingur nemenda segist hafa líkað betur við verklegt nám í grunnskóla vekur upp tilgátur um óígrundað námsval. Því verður námsval nemenda skoðað nánar ásamt óákveðni í námsvali. Athugað verður jafnframt hvort óákveðni í námsvali og það hvort nemendur hafi íhugað að skipta úr bóknámi í starfsnám, eða úr starfsnámi í bóknám, spái fyrir um skuldbindingu nemenda til náms og skóla.

Megin markmið þessa verkefnis eru að leita svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hversu stórt hlutfall nemenda velur námsbraut í framhaldsskóla í samræmi við hvort þeim líkaði betur við bóklegt- eða verklegt nám í grunnskóla?
2. Er munur á óákveðni í námsvali framhaldsskólanemenda eftir aldri, kyni, menntun foreldra fyrri námsárangri, námsbraut í framhaldsskóla og því hvort nemendum líkaði betur við verklegt- eða bóklegt nám í grunnskóla?
3. Spáir óákveðni í námsvali framhaldsskólanemenda fyrir um hegðunar- og tilfinningalega skuldbindingu til náms og skóla, að teknu tilliti til bakgrunns nemenda, fyrri námsárangurs, hvort nemendur séu í bóknámi eða starfsnámi og hvort nemendur hafi íhugað að skipta um námsbraut?
4. Spáir það hvort nemendur hafi íhugað að skipta um námsbraut, úr bóknámi yfir í starfsnám, eða úr starfsnámi yfir í bóknám fyrir um hegðunar- og tilfinningalega skuldbindingu til náms og skóla, að teknu tilliti til bakgrunns nemenda, fyrri námsárangurs, hvort nemendur séu í bóknámi eða starfsnámi og óákveðni í námsvali?

Aðferð

Þátttakendur

Þetta rannsóknarverkefni byggir á gögnum úr langtímarannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stelli Blöndal sem ber heitið *Námsframvinda nemenda og skilvirkni íslenskra framhaldsskóla*. Spurningalisti var lagður fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum landsins, vor og haust árið 2007. Tekið var tilviljunarúrtak bekkja eða áfanga í hverjum skóla, á hverju námsári. Í stærri skólum voru tveir hópar á hverju námsári valdir með tilviljunaraðferð, en einn hópur var valinn í minni skólum. Í fámennum skólum var allur skólinn í úrtakinu. Skólum í millistærð var tilviljunarkennt skipt upp á þann veg að í um það bil helmingi tilvika voru valdir tveir hópar á námsári og einn hópur á námsári í hinum helming skóla í þessari stærð. Í skólum þar sem bæði var boðið upp á bók- og starfsnám var valinn einn hópur úr hvorum flokki, á hverju námsári. Í skólum þar sem boðið var upp á almennar deildir, þar sem var nokkur fjöldi nýbúa eða nemendur með lestrarvanda, var tekið viðbótarúrtak til þess að ná til þessara nemenda. Í heildina svöruðu 3990 nemendur listanum og var svarhlutfallið 76%.

Úrtak þessa verkefnis náði til allra nemenda sem tóku þátt í rannsókninni *Skilvirkni íslenskra framhaldsskóla* og voru 16, 17 eða 18 ára, í bók- eða starfsnámi. Nemendum á almennri braut var sleppt í þessu úrtaki, af þeirri ástæðu að í mörgum tilvikum velja nemendur ekki sérstaklega að fara á almenna braut, heldur uppfylla ekki skilyrði á aðrar brautir. Af þessari ástæðu gætu niðurstöður nemenda á almennri braut hafa skekkt niðurstöður þessarar rannsóknar tengdar óákveðni í námsvali. Heildarfjöldi úrtaksins var 1780 nemendur. Kynjahlutfall svarenda var nokkuð jafnt, alls 838 (47%) piltar og 942 (53%) stúlkur. Mikill meirihluti þátttakenda var í bóknámi, eða 83% svarenda, en 17% voru í starfsnámi.

Framkvæmd

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hafði umsjón með framkvæmd könnunarinnar. Í desember 2006 var haft samband við skólastjórnendur allra framhaldsskóla landsins til þess að kynna rannsóknina og óska eftir þátttöku skólanna. Allir skólarnir samþykktu þátttöku og gagnasöfnun fór fram frá febrúar fram í nóvember 2007.

Leyfi var fengið frá Persónuvernd fyrir rannsókninni. Foreldrum þeirra nemenda sem ekki höfðu náð sjálfræðisaldri (yngri en 18 ára) var sent bréf þar sem óskað var eftir þátttöku barna þeirra í rannsókninni. Þeir foreldrar sem samþykktu ekki að barnið þeirra tæki þátt í könnuninni voru beðnir um að hafa samband við Félagsvísindastofnun. Alls óskuðu foreldrar 22 barna eftir því að þeirra börn tækju ekki þátt í rannsókninni. Spurningalistinn var lagður fyrir alla nemendur í úrtaksbekkjum eða áföngum sem að mættir voru í þá kennslustund þegar könnunin var lögð fyrir. Fyrirleggjendur fylgdu stöðluðum leiðbeiningum um fyrirlögn. Útskýrt var fyrir nemendum að þeim bæri hvorki skylda til að svara listanum í heild sinni né einstökum spurningum hans.

Mælitæki

Í spurningalistanum sem lagður var fyrir nemendur var meðal annars spurt um hvaða þættir kunna að ráða mestu um námsval og gengi nemenda í framhaldsskóla. Einnig var spurt um afstöðu til skólans og námsins, stuðning foreldra, þátttöku í félagslífi, upplifun úr grunnskóla og framtíðarmarkmið. Í þessari rannsókn voru spurningar notaðar sem beindust að skuldbindingu nemenda til náms og skóla, óákveðni nemenda um námsval og hvort þeir höfðu íhugað að skipta í starfsnám eða bóknám. Einnig voru spurningar notaðar um bakgrunn nemenda (kyn, aldur og menntun foreldra). Þá voru notaðar upplýsingar um einkunnir á samræmdum lokaprófum í 10. bekk og hvort nemendur voru á bóknáms eða starfsnámsbraut í framhaldsskóla.

Til þess að búa til rannsóknarbreytur var framkvæmd leitandi þáttagreining (*e. exploratory factor analysis*) á 16 atriðum sem benda annars vegar til óákveðni í námsvali og hinsvegar til skuldbindingar. Niðurstöður þáttagreiningar leiddu í ljós fjóra þætti, þrír þeirra vísa til mismunandi undirþátta skuldbindingar samkvæmt samantekt Fredricks og féлага (2004) og einn þátturinn vísar til undirþátts fyrir

óákveðni í námsvali samkvæmt Brown og Rector (2008). Niðurstöður þáttgreiningar má sjá í töflu 1 í niðurstöðukafla.

Námsleg þátttaka telst til hegðunarlegrar skuldbindingar og vísar til þess hversu mikið nemendur leggja á sig í námi og þátttöku í skólastofunni (Fredricks o.fl., 2004). Námsleg þátttaka var mæld með sex atriðum. Dæmi um atriði eru: „Ég legg mikið á mig í náminu” og „Ég tek virkan þátt í kennslustundum.” Atriðin voru mæld á fimm punkta kvarða, ýmist frá „alltaf” til „aldrei”, eða „mjög sammála” til „mjög ósammála”. Gögnin voru kóðuð þannig að eftir því sem gildin verða hærri, því meiri er námsleg þátttaka.

Félagsleg samsömun telst til tilfinningalegrar skuldbindingar og vísar til líðan nemenda í skólanum og þátttöku í félagslífi skólans (Fredricks o.fl., 2004). Félagsleg samsömun var mæld með fjórum atriðum. Dæmi um atriði eru: „Mér finnst ég vera hluti af tilteknum hóp í skólanum, t.d. í gegnum bekk, námsáfanga, námskeið eða félagslíf” og „Mér líður vel þegar ég er í skólanum”. Atriðin voru mæld á fimm punkta kvarða, frá „mjög sammála” til „mjög ósammála”, fyrir utan eitt atriði sem var mælt á fjögurra punkta kvarða, frá „á mjög vel við” til „á mjög illa við”. Til að öll atriðin yrðu á sama kvarða voru breyturnar staðlaðar með tilliti til fjölda svarmöguleika Gögnin voru kóðuð þannig að eftir því sem gildin eru hærri, því meiri er félagsleg samsömun.

Neikvæð skólahegðun er undirþáttur hegðunalegrar skuldbindingar og vísar til lélegrar mætingar (Fredricks o.fl., 2004). Neikvæð skólahegðun var mæld með tveimur atriðum, það er: „Ég skrópa í kennslustundum” og „Ég kem of seint í kennslustundir”. Atriðin voru mæld á fimm punkta kvarða, frá „alltaf” til „aldrei”. Gögnin voru kóðuð þannig að eftir því sem gildin verða hærri, því meiri er neikvæð skólahegðun.

Óákveðni í námsvali var mæld með fjórum atriðum. Dæmi um atriði eru: „Ég er sannfærð(ur) um að ég hef valið rétta námsbraut” og „Mér þótti erfitt að ákveða hvaða braut/deild ég ætti að velja”. Atriðin voru mæld á fimm punkta kvarða, frá „mjög sammála” til „mjög ósammála”, fyrir utan eitt atriði sem var tvíkosta, „já” eða „nei”. Breyturnar voru staðlaðar með tilliti til fjölda svarmöguleika til að þær væru metnar á sama kvarða. Þessi mæling vísar til eins undirþáttar í fjögurra þátta líkani Brown og Rector (2008) sem að liggja til grundvallar óákveðni við náms- og starfsval. Um er að ræða þáttinn *skortur á*

upplýsingum. Í þessari rannsókn ber þátturinn heitið *óákveðni í námsvali.* Fyrir lýsandi tölfraði eftir skuldbindingu til náms var þátttakendum skipt í þrjú jafn stóra flokka á óákveðni í námsvali, það er þá sem voru lítið óákveðnir, miðlungs óákveðnir og mikið óákveðnir.

Upplýsingar um hvort nemendur hafi íhugað að skipta í starfsnám voru fengnar úr spurningalistanum. Spurt var: „Hve oft hefur þú velt fyrir þér að skipta yfir í iðn-, list eða starfsnám?” Svarmöguleikarnir voru: „Ég er í iðn-, list eða starfsnámi” „mjög oft” „oft” „stundum” „sjaldan” og „aldrei”. Í þessu verkefni var svarmöguleikanum „ég er í iðn-, list eða starfsnámi” sleppt og stuðst var við upplýsingar frá Hagstofu Íslands um námsbraut nemenda. Hugtakið starfsnám er í þessu verkefni notað fyrir iðn-, list og verknám, sem og styttri námsbrautir samkvæmt ÍSNÁM2008 (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Upplýsingar um hvort nemendur hafi íhugað að skipta í bóknám voru fengnar úr spurningalistanum. Spurt var: „Hve oft hefur þú velt fyrir þér að skipta yfir í bóknám?” Svarmöguleikarnir voru: „Ég er í bóknámi” „mjög oft” „oft” „stundum” „sjaldan” og „aldrei”. Svarmöguleikanum „Ég er í bóknámi” var sleppt í þessu verkefni og í staðinn stuðst við upplýsingar um námsbraut nemenda frá Hagstofu Íslands.

Upplýsingar um hvort nemendum líkaði betur við bóklegt eða verklegt nám í grunnskóla voru fengnar úr spurningalistanum. Spurt var: „Hvort líkaði þér betur verklegt eða bóklegt nám í grunnskóla? (Með verklegu námi er t.d. átt við textílmennt, smíði, myndlist og heimilisfræði.)”. Svarmöguleikarnir voru: „Mér líkaði betur við bóklegt nám” „Mér líkaði álíka vel við bóklegt og verklegt” og „Mér líkaði betur við verklegt nám”.

Menntun foreldra. Spurt var um menntun beggja foreldra í spurningalistanum. Svarmöguleikarnir voru fimm: „grunnskólapróf eða annað skyldunám” „iðnnám eða annað starfsnám” „bóklegt framhaldsskólapróf” „háskólapróf” og „önnur menntun”. Í þessari rannsókn er stuðst við menntun þess foreldris sem hafði meiri menntun ef um mismunandi menntastig var að ræða. Breytunni var skipt í þrjú flokka, „grunnskólapróf eða annað skyldunám” „nám á framhaldsskólastigi” og „nám á háskólastigi”.

Fyrri námsárangur nemenda er byggður á einkunum á samræmdum lokaprófum 10. bekkjar í íslensku og stærðfræði. Upplýsingar um einkunnir nemenda voru fengnar frá Námsmatsstofnun. Einkunirnar eru normaldreifðar á

bilinu frá núll til sex. Í þessari rannsókn var fundið meðaltal einkunna í íslensku og stærðfræði en einkunn úr öðru prófinu notuð ef nemandi hefur einungis tekið annað prófið. Fyrir lýsandi tölfræði var einkunum nemenda skipt í þrjá jafn stóra flokka: „undir meðaltali“ „í kringum meðaltal“ og „yfir meðaltali“.

Fyrir aðhvarfsgreiningu voru búnar til svokallaðar vísibreytur fyrir menntun foreldra. Nemendur foreldra með háskólapróf voru bornir saman við þá sem annars vegar áttu foreldra með grunnskólapróf og hins vegar foreldra með framhaldsskólapróf. Upprunalegu jafnbilabreyturnar um óákveðni í námsvali og einkunnir nemenda voru notaðar í aðhvarfsgreiningunni.

Úrvinnsla

Við tölfræðilega úrvinnslu var notast við tölfræðiforritið SPSS, útgáfu 20. Til þess að búa til rannsóknarbreytur var notuð leitandi þáttagreining og síðar atriðagreining til þess að meta innri áreiðanleika þáttanna. Fylgibreyturnar voru þrjár, tvær sem vísa til hegðunarlegrar skuldbindingar, það er námsleg þátttaka og neikvæð skólahegðun auk félagslegrar samsömunar sem vísar til tilfinningalegrar skuldbindingar. Frumbreytur voru óákveðni í námsvali, hvort nemandi hafði íhugað að skipta í starfsnám og hvort nemandi hafði íhugað að skipta í bóknám, hvort nemandi var á bóknámsbraut eða starfsnámsbraut í framhaldsskóla og meðalárangur á á samræmdu lokaprófi í íslensku og stærðfræði í 10. bekk. Bakgrunnsbreytur voru kyn, aldur og menntun foreldra. Við úrvinnslu var notuð lýsandi tölfræði, viðeigandi marktæktarpróf og fjölbreytuaðhvarfsgreining (e. *multiple regression*).

Niðurstöður

Hér verða kynntar niðurstöður um tengsl óákveðni í námsvali við þrjá undirþætti skuldbindingar til náms og skóla (námslega þátttöku, félagslega samsömun og neikvæða skólahegðun) meðal 16-18 ára nemenda í bóknámi eða starfsnámi í framhaldsskóla. Einnig verða kynntar niðurstöður um tengsl þess hvort nemandi hafi íhugað að skipta úr bóknámi í starfsnám, eða úr starfsnámi í bóknám, við sömu þrjá undirþætti skuldbindingar. Í upphafi kaflans eru kynntar niðurstöður leitandi þáttagreiningar og áreiðanleikamælinga fyrir óákveðni í námsvali og skuldbindingu til náms og skóla. Þá eru kynntar niðurstöður um námsval nemenda og óákveðni á fyrstu árum framhaldsskólans. Lýsandi tölfræði fyrir skuldbindingu nemenda er kynnt ásamt niðurstöðum marktektarprófa. Að lokum eru kynntar niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar fyrir forspá óákveðni í námsvali, þess hvort nemendur hafi íhugað að skipta úr bóknámi í starfsnám, eða úr starfsnámi í bóknám og bakgrunns nemenda um námslega þátttöku, félagslega samsömun og neikvæða skólahegðun.

Þáttagreining rannsóknarbreyta

Leitandi þáttagreining á sextán atriðum sem vísa til óákveðni í námsvali annars vegar og skuldbindingar til náms hinsvegar leiddi í ljós fjóra þætti eins og sjá má í töflu 1. Notuð var meginásagreining (e. *principal axis factoring*) og hornskakkur snúningur (e. *oblique rotation*). Atriðin sextán hlóðu yfir 0,3 við eigin þátt, sem er algeng viðmiðunarkrafa fyrir þáttahleðslu (Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson, 2005). Atriðin voru þáttalega hrein, það er hlóðu aðeins á einn þátt, fyrir utan tvö atriði sem hlóðu svipað á tvo þætti. Þessi tvö atriði voru látin tilheyrja þeim þætti sem þau hlóðu hærra á, því það samræmdest fræðilegri umfjöllun og fyrri rannsóknum (sjá Fredricks o.fl., 2004).

Til þess að meta áreiðanleika var framkvæmd atriðagreining (e. *item analysis*) fyrir hvern þátt. Innri áreiðanleiki var metinn með *Cronbach's alpha*. Innri áreiðanleiki fyrir námslega þátttöku var $\alpha = 0,84$. Innri áreiðanleiki fyrir félagslega samsömun reyndist $\alpha = 0,69$, fyrir neikvæða skólahegðun $\alpha = 0,65$ og

fyrir óákveðni í námsvali $\alpha = 0,64$. Almennt er miðað við innri áreiðanleika, *Cronbach's alpha* yfir 0,7, en samkvæmt Kline (1999) getur verið ásættanlegt að alfa glídi sé undir 0,7 þegar um sálfræðilegar hugsmíðar er að ræða, vegna margbreytileika þeirra hugsmíða. Þegar um fá atriði innan hvers þáttar er að ræða, líkt og í umræddum þáttum, er einnig erfiðara að fá gildi yfir 0,7 (Field, 2009). Mat á innri áreiðanleika tekur jafnframt mið af fylgni hvers atriðis við heildarkvarða þáttarins (e. *corrected item-total correlations*) en hún ætti ekki að vera undir 0,3 (Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson, 2005). Ekkert atriðanna í þessari rannsókn reyndist hafa fylgni við heildarkvarða undir 0,3 sem bendir til að innri áreiðanleiki þáttanna sé ásættanlegur.

Tafla 1. Niðurstöður þáttagreiningar fyrir skuldbindingu til náms og skóla og óákveðni í námsvali

	Þáttur 1	Þáttur 2	Þáttur 3	Þáttur 4
Námsleg þátttaka				
Ég legg mikið á mig í náminu.	0,76			
Ég sinni heimanáminu jafn óðum.	0,71			
Ég geri mitt besta þegar ég læri heima.	0,69			
Ég er illa undirbúin/n fyrir kennslustundir.	-0,64			
Ég fresta verkefnum fram á síðustu stundu.	-0,53			0,33
Ég tek virkan þátt í kennslustundum.	0,51			
Félagsleg samsömun				
Mér líður vel þegar ég er í skólanum.		0,72		
Mér finnst ég vera hluti af tilteknum hóp í skólanum, t.d. í gegnum bekk, námsáfanga, námskeið eða félagslíf.		0,67		
Ég tek virkan þátt í félagslífi skólans.		0,55		
Ég kvíði því oft að fara í skólann.		0,50		
Óákveðni í námsvali				
Ég er sannfærð(ur) um að ég hef valið rétta námsbraut.			0,83	
Ég hef velt því fyrir mér að skipta um námsbraut / deild.			0,61	
Mér þótti erfitt að ákveða hvaða braut / hvaða deild ég ætti að velja.			-0,49	
Mér líkar vel námið sem ég er í nú.	0,31		-0,39	
Neikvæð skólahegðun				
Ég skrópa í kennslustundum.				0,63
Ég kem of seint í kennslustundir.				0,59

Hleðslur undir 0,3 eru ekki birtar í töflunni.

Val á námsbraut

Niðurstöður um val á námsbraut í framhaldsskóla eftir því hvort nemendum líkaði betur við bóklegt eða verklegt nám í grunnskóla eru kynntar í töflu 2.

Tafla 2. Val á námsbraut í framhaldsskóla eftir því hvort nemendum líkaði betur við verklegt eða bóklegt nám í grunnskóla.

	Líkaði betur við bóklegt nám í grunnskóla	Líkaði álíka vel við bóklegt og verklegt nám í grunnskóla	Líkaði betur við verklegt nám í grunnskóla	Alls	Fjöldi
Er í bóknámi	93,7%	91,5%	70,3%	70,3%	1445
Er í starfsnámi	6,3%	8,5%	29,7%	16,8%	291
Alls	100%	100%	100%	100%	
Fjöldi	284	745	707		1736

Marktæk tengsl komu fram á milli þess hvort nemendum líkaði betur, eða álíka vel, við bóklegt eða verklegt nám í grunnskóla og þess hvort nemendur völdu bóknáms- eða starfsnámsbraut í framhaldsskóla, $\chi^2(2, N = 1736) = 143,8 p = 0,00$. Nemendur voru líklegri til þess að velja bóknámsbraut í framhaldsskóla en starfsnámsbraut, hvort sem þeim líkaði betur við bóklegt nám eða verklegt í grunnskóla. Þó var hærra hlutfall nemenda sem líkaði betur við verklegt nám í grunnskóla sem valdi nám á starfsnámsbraut framhaldsskóla (30%), samanborið við hlutfall nemenda sem líkaði betur við bóklegt nám eða álíka vel við bóklegt nám (<10%). Athygli vekur að töluvert fleiri nemendur líkaði betur við verklegt nám, en bóklegt í grunnskóla og af þeim nemendum völdu 70% nám í framhaldsskóla á bóknámsbraut, sem má segja að sé í ósamræmi við það sem þeim líkaði betur í grunnskóla. Af þeim sem líkaði betur við bóklegt nám í grunnskóla en verklegt, völdu 6% nám í framhaldsskóla í ósamræmi við hvort þeim líkaði betur í grunnskóla. Samanlagt valdi um þriðjungur nemenda nám í framhaldsskóla í ósamræmi við hvort þeim líkaði betur við í grunnskóla. Af þeim sem líkaði álíka vel við bóklegt og verklegt nám í framhaldsskóla völdu einnig nánast allir nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla, en ekki er hægt að segja að ósamræmis gæti í námsvali hjá þessum hóp.

Óákveðni í námsvali

Tafla 3 sýnir meðaltöl og staðalfrávik fyrir óákveðni í námsvali nemenda eftir kyni, aldri, fyrri námsárangri, menntun foreldra, námsbraut og hvort nemendum líkaði betur við verklegt eða bóklegt nám í grunnskóla. Þau meðaltöl eru breiðletruð þar sem marktækur munur kom fram miðað við alfa minna en 0,05.

Tafla 3. Óákveðni í námsvali eftir kyni, aldri, fyrri námsárangri, námsbraut og hvort nemendum líkaði betur við verklegt eða bóklegt nám í grunnskóla

	Fjöldi	M	SF
Kyn			
Piltar	812	2,45	0,80
Stúlkur	922	2,41	0,79
Aldur			
16 ára	554	2,49	0,80
17 ára	605	2,44	0,80
18 ára	575	2,35	0,78
Fyrri námsárangur			
Undir meðaltali	583	2,51	0,81
Kringum meðaltal	542	2,46	0,79
Yfir meðaltali	576	2,32	0,77
Menntun foreldra			
Grunnskóli eða annað skyldunám	184	2,54	0,87
Framhaldsskóli	724	2,47	0,80
Háskóli	794	2,37	0,78
Námsbraut			
Starfsnám	290	2,25	0,78
Bóknám	1444	2,46	0,79
Líkaði betur við í grunnskóla:			
Bóklegt nám	283	2,26	0,75
Álíka vel	745	2,37	0,76
Verklegt nám	706	2,56	0,84

Meðaltöl eru breiðletruð þar sem marktækur munur kom fram við $p < 0,05$

Munur kom fram á óákveðni í námsvali nemenda eftir aldri, fyrri námsárangri, námsbraut og hvort nemendum líkaði betur við bóklegt- eða verklegt nám í grunnskóla. Munur kom fram á óákveðni í námsvali eftir aldri, $F(2, 1743) = 4,19$, $p < 0,05$, þar sem óákveðni í námsvali minnkaði að jafnaði með auknum aldri, samkvæmt Tukey, $p < 0,05$. Einnig kom fram munur á óákveðni í námsvali nemenda eftir fyrri námsárangri, $F(2, 1708) = 9,08$, $p < 0,01$, þar sem óákveðni minnkaði að jafnaði með auknum aldri nemenda, samkvæmt Tukey, $p < 0,05$. Munur kom fram á óákveðni í námsvali eftir menntun foreldra $F(2, 1703) = 4,34$, $p < 0,05$, þar sem nemendur foreldra sem hafa lokið háskóla sýna minni óákveðni í námsvali en nemendur foreldra sem hafa hæst lokið grunnskóla, samkvæmt Tukey, $p < 0,05$. Þá kom fram munur á óákveðni í námsvali nemenda eftir námsbraut, $t(1744) = -4,11$, $p < 0,01$, þar sem nemendur á starfsnámsbrautum framhaldsskóla sýndu að jafnaði minni óákveðni í námsvali en nemendur á bóknámsbrautum. Að lokum kom fram munur á óákveðni í námsvali nemenda eftir því hvort nemendum líkaði betur við verklegt eða bóklegt nám í grunnskóla, $F(2,1731) = 17,63$, $p < 0,01$, nemendum sem líkaði betur við bóklegt nám í grunnskóla reyndust minna óákveðnir í námsvali á fyrstu árum framhaldsskólans, samanborið við nemendur sem líkaði betur við verklegt nám í grunnskóla og nemendur sem líkaði álíka vel við bóklegt og verklegt nám í grunnskóla sýndu minni óákveðni en nemendur sem líkaði betur við verklegt nám, samkvæmt Tukey, $p < 0,05$.

Skuldbinding til náms og skóla

Tafla 4 sýnir meðaltöl og staðalfrávik skuldbindingar til náms og skóla, það er fyrir námslega þátttöku félagslega samsömun og neikvæða skólahegðun eftir óákveðni í námsvali, hvort nemandi hafi íhugað að skipta í starfsnám eða bóknám, hvort nemandi var á bóknáms eða starfsnámsbraut í framhaldsskóla, fyrri námsárangri og bakgrunni nemenda, það er aldri, kyni og menntun foreldra. Þau meðaltöl eru breiðletruð þar sem marktækur munur kom fram miðað við alfa minna en 0,05.

Námsleg þátttaka

Munur kom fram á námslegri þátttöku nemenda eftir kyni, aldri, fyrri námsárangri, óákveðni í námsvali og hversu oft nemendur höfðu íhugað að skipta úr bóknámi í starfsnám, eins og sjá má í töflu 4. Munur kom fram á námslegri þátttöku eftir óákveðni í námsvali, $F(2, 1743) = 65,42$, $p < 0,01$. Nemendur sýndu að jafnaði minni námslega þátttöku eftir því sem óákveðni í námsvali jókst, samkvæmt Tukey, $p < 0,01$. Munur kom jafnframt fram á námslegri þátttöku nemenda eftir því hvort þeir höfðu íhugað að skipta í starfsnám, $F(4, 1499) = 11,79$, $p < 0,01$. Nemendur sem höfðu stundum, oft eða mjög oft íhugað að skipta í starfsnám sýndu að jafnaði minni námslega þátttöku en nemendur sem höfðu aldrei íhugað að skipta, ásamt því að nemendur sem höfðu oft eða mjög oft íhugað að skipta sýndu að jafnaði minni námslega þátttöku en nemendur sem höfðu aldrei íhugað að skipta samkvæmt Tukey, $p < 0,01$.

Stúlkur ($M = 3,44$) sýndu meiri námslega þátttöku en piltar ($M = 3,15$), $t(1746) = -8,75$, $p < 0,01$. Munur kom fram á námslegri þátttöku nemenda eftir aldri, $F(2,1745) = 13,24$, $p < 0,01$ og minnkaði hún með auknum aldri, 18 ára nemendur sýndu marktækt minni námslega þátttöku en 16 og 17 ára nemendur, samkvæmt Tukey, $p < 0,05$. Munur kom fram á námslegri þátttöku eftir fyrri námsárangri, $F(2, 1709) = 3,05$, $p < 0,05$, nemendur með einkunir yfir meðaltali á samræmdu lokaprófi í grunnskóla sýndu meiri námslega þátttöku í framhaldsskóla en nemendur með einkunir undir meðaltali samkvæmt Tukey, $p < 0,05$.

Tafla 4. Lýsandi tölfræði rannsóknarbreyta eftir skuldbindingu

	Fjöldi	Námsleg þáttaka		Félagsleg samsömun		Neikvæð skólahegðun	
		M	SF	M	SF	M	SF
Kyn							
Piltar	778	3,15	0,70	4,14	0,62	2,06	0,76
Stúlkur	880	3,44	0,68	4,22	0,68	1,92	0,72
Aldur							
16 ára	519	3,42	0,70	4,23	0,58	1,86	0,72
17 ára	583	3,32	0,71	4,24	0,67	1,91	0,72
18 ára	556	3,20	0,69	4,10	0,68	2,18	0,74
Námssvið							
Bóknám	1383	3,31	0,71	4,22	0,65	1,97	0,73
Starfsnám	275	3,30	0,70	4,03	0,66	2,06	0,77
Fyrri námsárangur							
Undir meðaltali	563	3,26	0,70	4,08	0,66	2,13	0,79
Kringum meðaltal	526	3,30	0,69	4,21	0,66	1,98	0,70
Yfir meðaltali	569	3,36	0,73	4,27	0,62	1,86	0,70
Menntun foreldra							
Grunnskóli eða annað skyldunám	178	3,23	0,65	4,01	0,75	2,09	0,74
Framhaldsskóli	707	3,32	0,69	4,16	0,65	1,96	0,73
Háskóli	773	3,30	0,73	4,26	0,62	1,99	0,75
Óákveðni í námsvali							
Lítill óákveðni	597	3,51	0,69	4,31	0,61	1,83	0,68
Miðlungs óákveðni	494	3,33	0,69	4,20	0,63	1,94	0,72
Mikil óákveðni	567	3,07	0,66	4,06	0,68	2,20	0,78
Íhugað að skipta í starfsnám							
Aldrei	173	3,31	0,74	4,13	0,67	1,92	0,72
Sjaldan	30	3,57	0,67	4,21	0,66	1,88	0,60
Stundum	41	3,06	0,65	3,94	0,76	2,50	0,81
Oft	16	3,01	0,86	4,13	0,39	2,13	0,81
Mjög oft	18	3,11	0,68	3,80	0,68	2,72	0,91
Íhugað að skipta í bóknám							
Aldrei	192	3,28	0,72	4,12	0,68	1,99	0,77
Sjaldan	35	3,35	0,75	4,09	0,66	2,10	0,71
Stundum	33	3,12	0,72	3,94	0,59	2,18	0,71
Oft	9	3,07	0,89	4,18	0,40	2,28	0,71
Mjög oft	9	3,69	0,77	3,80	0,95	2,72	1,25

Meðaltöl eru breiðletruð þar sem marktækur munur kom fram við $p < 0,05$

Félagsleg samsömun

Marktækur munur kom fram á félagslegri samsömun eftir öllum frumbreytum, fyrir utan hvort nemendur höfðu íhugað að skipta í bóknám, eins og sjá má í töflu 4. Munur kom fram á félagslegri samsömun eftir óákveðni í námsvali, $F(2, 1742) = 22,58$, $p < 0,01$. Nemendur sýndu að jafnaði minni félagslega samsömun eftir því sem óákveðni í námsvali jókst, samkvæmt Tukey, $p < 0,01$. Munur kom einnig fram á félagslegri samsömun nemenda eftir því hvort þeir höfðu íhugað að skipta í starfsnám, $F(4, 1490) = 13,25$, $p < 0,01$. Nemendur sem höfðu stundum, oft eða mjög oft íhugað að skipta í starfsnám sýndu að jafnaði minni félagslega samsömun en nemendur í bóknámi sem höfðu aldrei íhugað að skipta í starfsnám. Einnig reyndust nemendur sem höfðu oft eða mjög oft íhugað að skipta í starfsnám sýna að jafnaði minni félagslega samsömun en nemendur sem höfðu sjaldan íhugað að skipta, ásamt því að nemendur sem höfðu stundum íhugað að skipta sýndu að jafnaði minni félagslega samsömun en nemendur sem höfðu sjaldan íhugað að skipta í starfsnám, samkvæmt Tukey, $p < 0,01$.

Stúlkur ($M = 4,22$) sýndu meiri félagslega samsömun en piltar ($M = 4,14$), $t(1745) = -3,16$, $p < 0,01$. Munur kom jafnframt fram á félagslegri samsömun nemenda eftir aldri, $F(2,1744) = 7,70$, $p < 0,01$ og minnkaði hún með auknum aldri, 18 ára nemendur sýndu marktækt minni félagslega samsömun en 16 og 17 ára nemendur, samkvæmt Tukey, $p < 0,05$. Munur kom einnig fram á félagslegri samsömun eftir fyrri námsárangri, $F(2,1709) = 11,59$, $p < 0,01$ þar sem nemendur sem voru með einkunnir undir meðaltali á samræmdum lokaprófum í grunnskóla sýndu minni félagslega samsömun í framhaldsskóla en nemendur með einkunnir í kringum og yfir meðaltali, samkvæmt Tukey, $p < 0,05$. Þá kom fram munur á félagslegri samsömun eftir því hvort nemendur voru á bóknáms- eða starfsnámsbraut í framhaldsskóla, $t(1745) = -5,0$, $p < 0,01$, þar sem nemendur á bóknámsbrautum framhaldsskóla sýndu meiri félagslega samsömun ($M = 4,22$) en nemendur á starfsnámsbrautum framhaldsskóla ($M = 4,03$). Þar að auki kom fram munur á félagslegri samsömun nemenda eftir menntun foreldra $F(2,1704) = 11,81$, $p < 0,01$, eftir því sem menntunarstig foreldra var hærra, jókst félagsleg samsömun nemenda, samkvæmt Tukey, $p < 0,05$.

Neikvæð skólahegðun

Munur kom fram á neikvæðri skólahegðun eftir öllum frumbreytunum fyrir utan menntun foreldra, eins og sjá má í töflu 4. Munur kom fram eftir óákveðni í námsvali, $F(2, 1741) = 38,38, p < 0,01$. Nemendur sýndu að jafnaði meiri neikvæða skólahegðun eftir því sem óákveðni í námsvali jókst, samkvæmt Tukey, $p < 0,01$. Munur kom einnig fram á neikvæðri skólahegðun nemenda eftir því hvort þeir höfðu íhugað að skipta í starfsnám, $F(4, 1490) = 13,25, p < 0,01$. Nemendur sem höfðu stundum, oft eða mjög oft íhugað að skipta í starfsnám sýndu að jafnaði meiri neikvæða skólahegðun en nemendur sem höfðu aldrei íhugað að skipta í starfsnám. Einnig reyndust nemendur sem höfðu oft eða mjög oft íhugað að skipta í starfsnám sýna að jafnaði meiri neikvæða skólahegðun en nemendur sem höfðu sjaldan íhugað að skipta, ásamt því að nemendur sem höfðu stundum íhugað að skipta sýndu að jafnaði meiri neikvæða skólahegðun en nemendur sem höfðu sjaldan íhugað að skipta í starfsnám, samkvæmt Tukey, $p < 0,01$. Þá kom fram munur á neikvæðri skólahegðun nemenda eftir því hvort þeir höfðu íhugað að skipta í bóknám, $F(4, 1490) = 3,39, p < 0,01$. Nemendur sem höfðu aldrei íhugað að skipta í bóknám sýndu að jafnaði minni neikvæða skólahegðun en nemendur sem höfðu mjög oft íhugað að skipta í bóknám, samkvæmt Tukey, $p < 0,01$.

Stúlkur ($M = 1,92$) sýndu minni neikvæða skólahegðun en piltar ($M = 2,06$), $t(1743) = 4,36, p < 0,01$. Jafnframt kom fram munur á neikvæðri skólahegðun nemenda eftir aldri, $F(2,1742) = 31,61, p < 0,01$ og jókst hún með auknum aldri, það er 18 ára nemendur sýndu marktækt meiri neikvæða skólahegðun en 16 og 17 ára nemendur, samkvæmt Tukey, $p < 0,05$. Munur kom fram á neikvæðri skólahegðun nemenda eftir fyrri námsárangri, $F(2,1706) = 19,69, p < 0,01$ þar sem nemendur sem voru með lægri einkunir á samræmdum lokaprófum í grunnskóla sýndu að jafnaði meiri neikvæða skólahegðun í framhaldsskóla, samkvæmt Tukey, $p < 0,05$.

Fjölbreytuaðhvarfsgreining fyrir skuldbindingu nemenda

Fjölbreytuaðhvarfsgreining (e. *multiple regression*) var notuð til að meta forspárgildi óákveðni í námsvali, þess hvort nemandi hafi íhugað að skipta í starfsnám og hvort nemandi hafi íhugað að skipta í bóknám við þrjá undirþætti skuldbindingar, það er námslega þátttöku, félagslega samsömun og neikvæða skólahegðun. Tekið var tillit til kyns nemenda, aldurs, hvort nemendur voru á bóknáms- eða starfsnámsbraut í framhaldsskóla, fyrri námsárangurs og menntunar foreldra. Niðurstöðurnar eru kynntar í töflu 5.

Námsleg þátttaka

Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar sýndu að óákveðni í námsvali og það hvort að nemendur hafi íhugað að skipta í bóknám eða starfsnám skýrði 18% í heildardreifingu námslegrar þátttöku, að teknu tilliti til bakgrunns nemenda (kyns, aldurs og menntunar foreldra), fyrri námsárangurs og námsbrautar í framhaldsskóla. $R^2 = 0,18$, $F(9, 253) = 6,05$, $p < 0,01$. Óákveðni í námsvali spáði marktækt fyrir um námslega þátttöku, að teknu tilliti til þess hvort nemendur höfðu íhugað að skipta um námsbraut, bakgrunns nemenda, fyrri námsárangurs og námsbrautar í framhaldsskóla, eins og sjá má í töflu 5. Eftir því sem óákveðni nemenda í námsvali jókst minnkaði að jafnaði námsleg þátttaka þeirra. Stúlkur sýndu að jafnaði meiri námslega þátttöku en piltar, námsleg þátttaka minnkaði að jafnaði með auknum aldri og eftir því sem nemendur höfðu oftari íhugað að skipta úr starfsnámi í bóknám, þeim mun meiri námslega þátttöku sýndu nemendur að jafnaði, að teknu tilliti til annarra rannsóknarbreyta.

Félagsleg samsömun

Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar sýndu að óákveðni í námsvali og það hvort að nemendur hafi íhugað að skipta í bóknám eða starfsnám skýrði 9% í heildardreifingu félagslegrar samsömunar, að teknu tilliti til bakgrunns nemenda (kyns, aldurs og menntunar foreldra), fyrri námsárangurs og námsbrautar í framhaldsskóla. $R^2 = 0,09$, $F(9, 253) = 2,81$, $p < 0,01$. Óákveðni í námsvali spáði marktækt fyrir um félagslega samsömun, að teknu tilliti til þess hvort nemendur hafi íhugað að skipta um námsbraut, bakgrunns nemenda, fyrri námsárangurs og námsbrautar, eins og sjá má í töflu 5. Því óákveðnari sem nemendur voru með

námsval sitt því minna samsömuðu þeir sig félagslega að skólanum, að teknu tilliti til annarra rannsóknarbreyta.

Neikvæð skólahegðun

Aldur, óákveðni í námsvali og það hvort nemendur höfðu íhugað að skipta í starfsnám spáði marktækt fyrir um neikvæða skólahegðun eins og sjá má í töflu 5. Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar sýndu að óákveðni í námsvali og það hvort að nemandi hafði íhugað að skipta í bóknám eða starfsnám skýrði 17% í heildardreifingu neikvæðrar skólahegðunar, að teknu tilliti til bakgrunns nemenda (kyns, aldurs og menntunar foreldra), fyrri námsárangurs og námsbrautar í framhaldsskóla. $R^2 = 0,17$, $F(9, 253) = 5,59$, $p < 0,01$. Eftir því sem nemendur voru óákveðnari í námsvali og eftir því sem þeir höfðu oftari íhugað að skipta úr bóknámi í starfsnám sýndu þeir að jafnaði meiri neikvæða skólahegðun að teknu tilliti til annarra frumbreyta. Þá jókst neikvæð skólahegðun að jafnaði með auknum aldri, að teknu tilliti til annarra rannsóknarbreyta.

Tafla 5. Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar fyrir skuldbindingu nemenda.

	Námsleg þátttaka			Félagsleg samsömun			Neikvæð skólahegðun		
	<i>B</i>	<i>SE B</i>	β	<i>B</i>	<i>SE B</i>	β	<i>B</i>	<i>SE B</i>	β
Kyn	0,26**	0,09	0,17	0,14	0,08	0,11	-0,06	0,09	-0,04
Aldur	-0,14**	0,05	-0,16	-0,09	0,05	-0,12	0,14*	0,54	0,15
Fyrri námsárangur	0,02	0,07	0,02	0,03	0,06	-0,04	-0,10	0,07	-0,09
Námsbraut í framhaldsskóla	0,03	0,13	0,01	-0,21	0,11	-0,13	0,13	0,13	0,07
Menntun foreldra:									
Grunnskóli vs háskóli	0,04	0,13	0,02	-0,14	0,12	-0,08	-0,18	0,13	-0,01
Framhaldsskóli vs háskóli	0,04	0,10	0,03	-0,04	0,08	-0,03	-0,07	0,10	-0,05
Óákveðni í námsvali	-0,35**	0,06	-0,38	-0,17**	0,06	-0,20	0,22**	0,06	0,23
Íhugað að skipta í starfsnám	-0,04	0,04	-0,06	-0,02	0,03	-0,04	0,10**	0,04	0,18
Íhugað að skipta í bóknám	0,14**	0,05	0,19	0,09	0,04	0,02	-0,13	0,13	-0,07
R ²		0,18			0,09			0,17	
F		6,05**			2,81**			5,59**	

* $p < 0,05$ ** $p < 0,01$ (tvíhliða).

Umræður

Helstu niðurstöður benda til þess að 16 til 18 ára nemendur bók- og starfsnámsbrauta íslenskra framhaldsskóla sem eru óákveðnir í námsvali sýna minni hegðunar- og tilfinningalega skuldbindingu til náms og skóla en nemendur sem eru vissir um námsval. Eftir því sem óákveðni eykst minnkar að jafnaði námsleg þátttaka og félagsleg samsömun ásamt því að neikvæð skólahegðun eykst. Þá benda niðurstöður til þess að óákveðni í námsvali minnki með auknum aldri, að nemendur á bóknámsbrautum framhaldsskóla séu meira óákveðnir í námsvali en nemendur á starfsnámsbrautum ásamt því að nemendur sem líkaði betur við verklegt nám í grunnskóla séu að jafnaði meira óákveðnir en nemendur sem líkaði betur við bóklegt nám.

Til þess að fá innsýn í námsval nemenda var athugað hvort nemendur velji nám í framhaldsskóla í samræmi við hvort þeim líkaði betur við bóklegt eða verklegt nám í grunnskóla. Það vakti athygli að af þeim sem að líkaði betur við verklegt nám í framhaldsskóla valdi einungis um þriðjungur nám á starfsnámsbrautum framhaldsskólans, en af þeim sem líkaði betur bóklegt nám í grunnskóla völdu nánast allir nám á bóknámsbraut framhaldsskóla. Þá völdu nánast allir af þeim sem líkaði álíka vel við bóklegt og verklegt nám í framhaldsskóla nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla, eða rúm 90% nemenda. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem benda til að langflestir nemendur velji bóknámsbraut í framhaldsskóla þrátt fyrir að álíka mörgum líki jafn vel við bóklegt og verklegt nám í grunnskóla (Hagstofa Íslands, 2012c; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Niðurstöðurnar vekja upp spurningar varðandi virðingarstig náms, það er hvort bóknámsbrautir í framhaldsskóla séu álitnar virðingarmeiri en starfsnámsbrautir og hvort nemendur upplifi samfélagslegan þrýsting til þess að ljúka stúdentsprófi af bóknámsbrautum. Einnig getur verið að nemendur fresti því að taka ákvörðun varðandi nám og störf, líkt og Gottfredson (2005) telur algengt. Því gæti verið að nemendur velji frekar nám á bóknámsbrautum en starfsnámsbrautum vegna þess að þeir telji bóknámið frekar halda öllum möguleikum varðandi nám opnum. Niðurstöðurnar eru einnig áhugaverðar í ljósi frekari niðurstæðna þessa verkefnis, að nemendur sem líkaði betur við verklegt nám í grunnskóla sýndu að jafnaði meiri óákveðni í námsvali á

fyrstu árum framhaldsskólans. Því virðst vera sem svo að margir af þeim nemendum sem líkaði betur við verklegt nám í grunnskóla, villist af leið við val á námi í framhaldsskóla.

Nemendur á bóknámsbrautum framhaldsskóla reyndust meira óákveðnir í námsvali en nemendur á starfsnámsbrautum. Þær niðurstöður eru í samræmi við rannsókn Örnú Bjarkar Birgisdóttur o.fl. (1995) sem leiddi í ljós að nemendur í háskóla sem stunduðu nám sem leiðir til starfa sýndu minni óákveðni í námsvali en nemendur í námi sem leiða ekki beint til ákveðinna starfa. Draga má þær ályktanir að nemendur sem velja námsleiðir sem leiða til starfa hafi ígrundað námsval sitt, sjái tengsl námsins við framtíðarmarkmið í starfi og séu því ákveðnari í námsvali. Þá vakti, eins og áður segir athygli að nemendur sem líkaði betur við verklegt nám í grunnskóla voru meira óákveðnir í námsvali en nemendur sem líkaði betur við bóklegt nám, ásamt því að nemendur með lægri einkunnir á samræmdum lokaprófum í grunnskóla voru að jafnaði meira óákveðnir en nemendur með hærri einkunnir. Niðurstöðurnar benda til að þessir nemendur eigi erfiðara með að taka ákvörðun um námsval, sem ef til vill má rekja til þess að þeir upplifi kröfu frá samfélaginu um að hefja nám á bóknámsbrautum, sem sé álitid virðingarmeira. Einnig getur verið að þessum nemendum reynist erfiðara að finna nám sem samræmist eigin áhugasviði. Mikilvægt er að aðstoða þessa nemendur við að finna hæfileikum sínum og áhuga farveg í námi og starfi, en því verkefni þurfa allir þeir sem koma að námi barna að sinna. Það vakti athygli að nemendur á starfsnámsbrautum sýndu minni félagslega samsömun en nemendur á bókámsbrautum. Þessar niðurstöður gefa tilefni til þess að mikilvægt sé að skoða nánar hvernig hægt sé að ýta undir skuldbindingu nemenda á starfsnámsbrautum, sérstaklega með tilliti til félagslegrar samsömunar. Áhugavert er að rannsaka frekar hvort að nemendur velji síður nám á starfsnámsbrautum vegna ótta um minna félagslíf en á bóknámsbrautum, eða vegna félagatengsla.

Nemendur sem höfðu íhugað að skipta í starfsnám sýndu minni skuldbindingu til náms á öllum þrem undirþáttunum, því oftast sem nemendur höfðu íhugað að skipta yfir á starfsnámsbraut, þeim mun minni hegðunarlega og tilfinningalega skuldbindingu sýndu þeir. Því oftast sem nemendur höfðu íhugað að skipta úr starfsnámi yfir á bóknámsbraut því meiri neikvæða skólahegðun sýndu þeir. Þessar niðurstöður má tengja við rannsókn Kristjönu Stellu Blöndal og

Sigrúnar Aðalbjarnardóttur sem leiddi í ljós að hegðunarleg og tilfinningaleg skuldbinding nemenda spáði fyrir um brotthvarf frá námi (Blöndal og Aðalbjarnardóttir, 2012). Því má leiða líkur á að nemendur sem eru óákveðnir í námsvali séu í aukinni brotthvarfshættu, en slíkt tengsl væri áhugavert að skoða nánar í langtímarannsókn. Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar leiddu í ljós að eftir því sem nemendur höfðu oftari íhugað að skipta úr bóknámi í starfsnám minnkaði að jafnaði námsleg þátttaka, sem telst til hegðunarlegrar skuldbindingar. Eftir því sem nemendur höfðu oftari íhugað að skipta úr starfsnámi í bóknám minnkaði að jafnaði neikvæð skólahegðun nemenda, sem einnig telst til hegðunarlegrar skuldbindingar. Niðurstöðurnar eru áhugaverðar í ljósi fyrri rannókna sem sýna að hegðunarleg skuldbinding virðist helst spá fyrir um brotthvarf af þáttum skuldbindingar. Það er að þeir nemendur sem mæta vel í tíma, sinna náminu vel og taka þátt í kennslustundum eru líklegri til þess að halda áfram í námi (Archambault o.fl., 2009; Rumberger, 1995, 2001). Þó er mikilvægt að hafa í huga að þessi tengsl gætu einnig mælst sterkust vegna þess að rannsóknir hafa sýnt að auðveldra sé að mæla hegðunarlega skuldbindingu en aðra undirþætti skuldbindingar (Archambault o.fl., 2009).

Niðurstöður leiddu enn fremur í ljós að skuldbinding nemenda til náms og skóla virðist dvína með auknum aldri sem er í samræmi við fyrri rannsóknir (Blöndal og Jónasson, 2010; Dynarski o.fl., 2008; Finn, 1989, 1993; Fredricks o.fl., 2004). Þessar niðurstöður benda til þess að mikilvægt sé að athuga hvernig mögulegt er að viðhalda áhuga framhaldsskólanemenda, þátttöku þeirra í námi, mætingu og viðhalda félagstengslum eldri nemenda. Niðurstöðurnar leiddu einnig í ljós að nemendur með lægri einkunnir í grunnskóla sýndu minni skuldbindingu til náms og skóla í framhaldsskóla. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við rannsóknir sem sýna að fyrri námsárangur sé einn helsti forspárþáttur fyrir skuldbindingu til náms (Blöndal og Aðalbjarnardóttir, 2012; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Þá benda niðurstöðurnar til þess að stúlkur sýni meiri skuldbindingu til náms en piltar. Mikilvægt er að finna leiðir til þess að auka skuldbindingu pilta sem og allra nemenda sem ekki standa vel að vígi námslega séð.

Eftir því sem óákveðni í námsvali jókst minnkaði hegðunarleg og tilfinningaleg skuldbinding nemenda til náms og skóla. Skortur er á rannsóknnum á tengslum óákveðni í námsvali við skuldbindingu til náms, en niðurstöðurnar eru í

samræmi við rannsóknir sem benda til þess að nemendur sem hafi leitt hugann að framtíðinni og hafi skýr markmið með náminu séu líklegri til þess að sjá tilgang með náminu. Þannig sjái nemendur frekar tengsl milli náms og framtíðarstarfa eða áframhaldandi náms og séu því líklegri til þess að hafa jákvæðara viðhorf gagnvart skólanum og náminu. Þannig eru niðurstöðurnar í samræmi við fyrri rannsóknir sem benda til þess að nemendur sem hafi leitt hugagn að því hvert þeir stefni í framtíðinni sýni meiri skuldbindingu til náms (Fredricks o.fl., 2004; Ryan og Deci, 2000; Scheel og Gonzalez, 2007; Tinto, 1993).

Helstu niðurstöður þessa verkefnis styrkja stoðir undir mikilvægi náms- og starfsfræðslu ævina alla. Náms- og starfsfræðsla er í eðli sínu fyrirbyggjandi fyrir brotthvarf, það er að einstaklingar eru hvattir til sjálfsskoðunar, upplýsingaöflunar og aðstoðaðir við að finna hæfileikum sínum og áhuga réttan farveg (Menntamálaráðuneytið, 2007). Í ljósi forspá óákveðni í námsvali fyrir skuldbindingu til náms og hversu fáir nemendur velja starfsnámsbraut, þrátt fyrir að stóru hlutfalli nemenda líkaði betur við verklegt nám í grunnskóla, er mikilvægt að efla hæfni nemenda til þess að taka ákvörðun varðandi nám og störf. Mikilvægt er að nemendur hafi góða þekkingu bæði á starfaheiminum og þeim námsleiðum sem nemendum standa til boða að loknum grunnskóla. Ekki er síður mikilvægt að ýta undir sjálfsskoðun nemenda, að hvetja þá til að velta fyrir sér eigin gildum, viðhorfum og væntingum til nánustu framtíðar. Einn undirþáttur óákveðni í námsvali er skortur á upplýsingum og með því að tryggja það að allir nemendur fái upplýsingar til þess að byggja ákvörðun sína varðandi val á námi á, má leiða líkur að betur ígrunduðu námsvali margra nemenda. Rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur þar sem árangurs náms- og starfsfræðslu er metinn sýnir að framfarir í skipulagðri starfahugsun auka líkur á útskrift úr starfsnámi í framhaldsskóla (Vilhjálmsdóttir, 2010).

Þar sem ekki er um langtímarannsókn að ræða er ekki hægt að benda á orsakatengsl milli óákveðni í námsvali og skuldbindingar til náms. Niðurstöður þessa verkefnis sem benda til tengsla milli óákveðni í námsvali og skuldbindingar til náms eru þó í samræmi við fyrri rannsóknir á tengslum framtíðarmarkmiða við skuldbindingu, það er að nemendur sem hafi leitt hugann að framtíðarmarkmiðum sýni meiri skuldbindingu til náms (Fredricks o.fl., 2004; Ryan og Deci, 2000; Scheel og Gonzalez, 2007; Tinto, 1993). Í ljósi þess hve óákveðni í námsvali hefur

lítið verið rannsökuð hér á landi er mikilvægt að greina viðfangsefnið nánar. Þessi rannsókn getur reynst mikilvægur þekkingargrunnur fyrir áframhaldandi rannsóknir á sviðinu. Þá væri áhugavert að skoða hvort munur reynist á skuldbindingu nemenda og óákveðni í námsvali, eftir því hvort nemendur eru í áfangakerfi eða bekkjarkerfi framhaldsskólanna, ásamt því hversu langt nemendur eru komnir í námi. Þá væri fróðlegt að gera langtímarannsókn á viðfangsefninu og skoða hvort að nemendur sem eru ákveðnir í námsvali og velja námsbraut í samræmi við áhuga séu líklegri til þess að ljúka námi á framhaldsskólastigi. Einnig væri fróðlegt að skoða hvort munur sé á óákveðni nemenda varðandi námsval eftir því hvort og hversu mikla náms- og starfsfræðslu þeir hafa fengið í grunnskóla.

Mikilvægt er vinna að því að finna leiðir hvernig best er að stuðla að jákvæðri náms- og starfsferilsþróun nemenda þannig að hver og einn nemandi fái tækifæri til þess að taka vel ígrundaða ákvörðun varðandi námsval. Þannig mætti leiða líkur að því að nemandi myndi frekar velja námsleið í samræmi við áhugasvið sem gæti stuðlað að aukinni námsánægju og námsárangri. Rannsóknir benda til þess að hægt sé að hafa áhrif á skuldbindingu nemenda og að skólinn geti spilað þar stórt hlutverk (Fredricks o.fl., 2004; Rumberger, 1995, 2001; Rumberger og Lim, 2008). Þá benda rannsóknir til þess að með aukinni náms- og starfsfræðslu sé hægt að stuðla að starfsferilsþróun einstaklinga (Vilhjálmisdóttir, 2010). Það sé meðal annars hægt með því að stuðla að aukinni sjálfsþekkingu nemenda, en einnig með því að leggja áherslu á tengsl milli skóla og atvinnu. Það er mikilvægt að nemendur sjái tilgang með náminu og tengingu þess við framtíðarmarkmið, sem fellur undir skuldbindingu til náms og skóla (Glanville og Wildhagen, 2007; Marks, 2000; Vilhjálmsdóttir, 2010).

Lokaorð

Markmið þessa verkefnis var að varpa ljósi á tengsl óákveðni í námsvali 16-18 ára framhaldsskólanemenda á bóknáms og starfsnámsbrautum við skuldbindingu til náms og skóla. Niðurstöðurnar sýna að þriðjungur nemenda valdi nám í framhaldsskóla í ósamræmi við hvort þeim líkaði betur við bóklegt eða verklegt nám í grunnskóla, aðallega á kostnað starfsnáms. Nemendur á bóknámsbrautum framhaldsskóla reyndust meira óákveðnir í námsvali en nemendur á starfsnámsbrautum. Nemendum sem líkaði betur við verklegt nám í grunnskóla reyndust meira óákveðnir í námsvali en nemendum sem líkaði betur við bóklegt nám. Þá sýna niðurstöður að óákveðni í námsvali spáir fyrir um hegðunarlega- og tilfinningalega skuldbindingu til náms og skóla hjá framhaldsskólanemendum, að teknu tilliti til bakgrunns nemenda, fyrri námsárangurs, námsbrautar í framhaldsskóla og hvort þeir hafi íhugað að skipta um námsbraut. Það hvort nemandi hafi íhugað að skipta í starfsnám spáir fyrir um neikvæða skólahegðun og það hvort nemandi hafi íhugað að skipta í bóknám spáir fyrir um námslega þátttöku hjá sama hópi nemenda, að teknu tilliti til bakgrunns þeirra og óákveðni í námsvali.

Ég vonast til að þessar niðurstöður komi til með að nýtast náms- og starfsráðgjöfum, kennurum, foreldrum og öllum þeim sem koma að námi barna. Ég vonast jafnframt til að niðurstöðurnar auki skilning á mikilvægi þess að fræða nemendur um starfaheiminn, mikilvægi sjálfsskoðunar og framtíðarmarkmiða í tengslum við eigin gildi og væntingar, hvort sem þær tengjast bóknáms- eða starfsnámssviði framhaldsskóla. Niðurstöðurnar styrkja stoðir undir mikilvægi náms- og starfsfræðslu ævina alla, ekki síst á mótunarárunum. Skil skólastiga, úr grunnskóla í framhaldsskóla eru eitt af fyrstu stóru skrefunum á náms- og starfsferli ungmenna, þar sem nemendur taka yfirleitt fyrstu sjálfstæðu ákvörðunina varðandi skóla og námsval. Mikilvægt er að stuðla faglega að undirbúningi fyrir skólaskil þannig að nemendur geti tekið vel upplýsta ákvörðun varðandi áframhaldandi nám.

Heimildir

- Alþingi. (2007). *Pingsályktun Alþingis um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum nr. 25/2007*. Sótt 22. apríl 2013 af <http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txi=/wwwtext/html/133/s/0042.html&leito=N%E1ms-%5C0og%5C0starfs%E1%F0gj%F6f#word1>.
- Alþingi. (2008). *Skýrsla nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda*. Reykjavík: Alþingi.
- Anna Ósk Ómarsdóttir. (2011). *Óákveðni við náms- og starfsval (The Career Indecision Profile): Þróun listans fyrir framhalds- og háskólanemendur á Íslandi*. Óbirt MA-verkefni: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Archambault, I., Janosz, M., Fallu, J. S. og Pagani, L. S. (2009). Student engagement and its relationship with early high school dropout. *Journal of Adolescence*, 32(3), 651-670.
- Arna Björk Birgisdóttir, Ragnhildur Skjaldardóttir og Rannveig Óladóttir. (1995). *Óákveðni í náms- og starfsvali: Þýðing og forprófun á Career Factors Inventory*. Óbirt lokaverkefni í námsráðgjöf: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Hrefna Pálsdóttir. (2012). *Ungt fólk 2012: Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 8., 9., og 10. bekk grunnskóla*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Bjargey Gígja Gísladóttir. (2009). „Ég ætla að verða sú fyrsta sem útskrifast í einhverju”: *Brotthvarf stúlkna úr framhaldsskóla, kynlægar hindranir og framtíðardraumar*. Óbirt MA-verkefni: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Blöndal, K. S. og Aðalbjarnardóttir, S. (2012). Student disengagement in relation to expected and unexpected pathways. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 56, 85-100.
- Blöndal, K. S. og Jónasson, J. T. (2010). *Frafall I skolen og tiltak mot frafall I Island: Ulike perspektiver*. Í E. Markussen (ritstjóri), *Frafall i utdanning for*

- 16-20 áringar í Norden (bls. 91-121). Kaupmannahöfn: Tema Nord /Nordisk ministerråd.
- Blöndal, K. S., Jónasson, J. T. og Tannhäuser, A-C. (2011). Dropouts in a small society: Is the Icelandic case somehow different? Í S. Lamb, E. Markussen, R. Teese, N. Sandberg og J. Polesel (ritstjórar), *School Dropout and Completion. International Comparative Studies in Theory and Policy* (bls. 233-251). London: Springer.
- Brown, S. D. og Rector, C. C. (2008). Conceptualizing and diagnosing problems in career decision making. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Handbook of counseling* (bls. 392-407). Hoboken: Wiley.
- Dynarski, M., Clarke, L., Cobb, B., Finn, J., Rumberger, R. og Smink, J. (2008). *Dropout Prevention: A Practice Guide (NCEE 2008-4025)*. Washington: National Center for Education Evaluation and Regional Assistance, Institute of Education Sciences, U.S. Department of Education. Sótt 6. maí 2012 af <http://ies.ed.gov/ncee/wwc>.
- Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson. (2005). *Gagnavinnsla í SPSS*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Field, A. (2009). *Discovering statistics using SPSS* (3. útgáfa). London: Sage Publications Ltd.
- Finn, J. D. (1989). Withdrawing from school. *Review of Educational Research*, 59(2), 117-142.
- Finn, J. D. (1993). *School engagement and students at risk*. Washington: National Center for Education statistics.
- Forsætisráðuneytið. (2011). *Ísland 2020 – Sókn fyrir atvinnulíf og samfélag: Þekking, sjálfbærni, velferð*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Forsætisráðuneytið. (2012). *Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi: Tillögur um samþættingu menntunar og atvinnu*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Fredricks, J. A., Blumenfeld, P. C., og Paris, A. H. (2004). School engagement: Potential of the concept, state of the evidence. *Review of Educational Research*, 74, 59-109.
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d). *Um FA*. Sótt 4. maí 2012 af <http://frae.is/um-fa/>.

- Gerður G. Óskarsdóttir. (1990). *Námsráðgjöf og starfsfræðsla í fimm nágrannalöndum og samanburður við Ísland. Viðaukar um tvö lönd eftir Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur og Harald Finnsson*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1993). Hætt í skóla: Nám og aðstæður nemenda sem hætta í skóla eftir tvö ár í framhaldsnámi eða fyrr. *Uppeldi og menntun*, 2(1), 53-67.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1995). *The forgotten half. Comparison of dropouts and graduates in their early work experiencs: The Icelandic case*. Reykjavík: Social science research institute and university press, University of Iceland.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs: Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga. Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gestur Guðmundsson. (1993). *Þróun starfsmenntunar á framhaldsskólastigi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið og Sammennt.
- Glanville, J. L. og Wildhagen, T. (2007). The measurement of school engagement: Assessing dimensionality and measurement invariance across race and ethnicity. *Educational and Psychological Measurement*, 67(6), 1019-1041.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (1995). Fræðsla um nám og störf í grunnskólum. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum: Erindi flutt á ráðstefnu í September 1994* (bls. 251-266). Reykjavík: Háskóli Íslands og Háskólaútgáfan.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2000). Skilar náms- og starfsfræðsla árangri? Árangursmat á náms- og starfsfræðslu í 10. bekk í grunnskóla. *Uppeldi og menntun, Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 9, 37-55.
- Gottfredson, L. (2005). Applying Gottfredson's theory of circumscription and compromise in career guidance and counseling. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Career development and counseling: Putting theory and research to work* (bls. 71-100). Hoboken: Wiley.
- Hagstofa Íslands. (2004). Brottfall nemenda úr framhaldsskólum 2002-2003. *Hagtíðindi: Skólamál*, 89(3). Sótt 29. mars 2013 af <http://www.hagstofa.is/hagtidindi>.

- Hagstofa Íslands. (2008). Nemendur og námslok við 24 ára aldur. *Hagtíðindi: Skólamál*, 93(3). Sótt 1. maí 2013 af <http://www.hagstofa.is/hagtidindi>.
- Hagstofa Íslands. (2011). *Brautskráningarhlutfall og brottfall af framhaldsskólastigi*. Frétt nr. 90/2011. Sótt 29. mars 2013 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=5981>.
- Hagstofa Íslands. (2012a). Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2011. *Hagtíðindi: Skólamál*, 97(3). Sótt 18. janúar 2013 af <http://www.hagstofa.is/hagtidindi>.
- Hagstofa Íslands. (2012b). Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2011. Sótt 15. janúar 2013 af <http://www.hagstofa.is/temp/Dialog/Saveshow.asp>.
- Hagstofa Íslands. (2012c). *Fleiri 18 og 19 ára nemendur sækja skóla haustið 2011 en fyrri ár*. Frétt nr. 76/12. Sótt 29. mars 2013 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=8652>.
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Brautskráningar á framhaldsskólastigi eftir próftegund, aldursflokki og kyni 1995-2010*. Sótt 1. maí 2013 af <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO03203%26ti=Brautskr%E1ningar+%E1+framhaldssk%F3lastigi+eftir+pr%F3ftegund%2C+aldursflokk+og+kyni+1995%2D2010+%26path=../Database/skolamal/fsProf/%26lang=3%26units=fj%F6ldi>.
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Námsleiðir og námsgreinar 1997-2011*. Sótt 25. mars 2013 af <http://hagstofa.is/pages/1881>.
- Holland, J. L. (1997). *Making vocational choices: A theory of vocational personalities and work environments* (2. útgáfa). Odessa: Psychological Assessment Resources.
- Jón Torfi Jónasson. (1995). Baráttan á milli bóknáms og starfsmenntunar á framhaldsskólastigi. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum: Erindi flutt á ráðstefnu í september 1994* (bls. 251-266). Reykjavík: Háskóli Íslands og Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (1992). *Námsferill í framhaldsskóla*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Menntamálaráðuneytið.

- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfa.
- Kline, P. (1999). *The handbook of psychological testing.* London: Routledge.
- Krumboltz, J. D. (1998). Debate: Counsellor actions needed for the new career perspective. *British Journal of Guidance & Counseling*, 26(4), 559-564.
- Krumboltz, J. D. (2009). The happenstance learning theory. *Journal of Career Assessment*, 17(2) 135-154.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.*
- Markussen, E. (2010). Frafall I videregående opplæring i Norge: Forskning, omfang, hva kan gjøres og hva virker?. Í E. Markussen (ritstjóri), *Frafall i utdanning for 16-20 åringer i Norden* (bls. 123-149). Kaupmannahöfn: Tema Nord /Nordisk ministerråd.
- Marks, H. M. (2000). Student engagement in instructional activity: Patterns in the elementary, middle and high school years. *American Educational Research Journal*, 37(1), 153-184.
- Menntamálaráðuneytið. (1991). *Námsráðgjöf og starfsfræðsla: Markmið og leiðir.* Nefnd um náms- og starfsráðgjöf. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (1998). *Efling náms- og starfsráðgjafar: Nefndarálit.* Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Náms- og starfsráðgjöf: Skýrsla starfshóps.* Sótt 25. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/tiuskref>.
- Menntamálaráðuneytið. (2010). *Mótun stefnu um nám alla ævi: Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi.* Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Samantekt úr OECD Education at a glance 2012.* Sótt 20. apríl 2012 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/EducationAtAGlance2012_samantekt-MMR.pdf.
- Murray, Å. (2000). Changes in the labour market for young adults without further education and training. *Journal of Education and Work*, 13(3), 327-347.
- OECD. (2004). *Career guidance and public policy: Bridging the gap.* París: OECD.

- OECD. (2012). *Education at a glance 2012: OECD indicators*. Sótt 24. apríl 2012 af <http://dx.doi.org/10.1787/eag-2012-en>.
- Rumberger, R. W. (1987). High school dropouts: A review of issues and evidence. *Review of Educational Research*, 57(2), 101-121.
- Rumberger, R. W. (1995). Dropping out of middle school: A multilevel analysis of students and schools. *American Educational Research Journal*, 32(3), 583-625.
- Rumberger, R. W. (2001). *Why students drop out of school and what can be done*. Santa Barbara: University of California.
- Rumberger, R. W. og Lim, S. A. (2008). *Why students drop out of school: A review of 25 years of research*. California dropout research project. Sótt 24. apríl 2013 af <http://www.slocounty.ca.gov/Assets/CSN/PDF/Flyer+-+Why+students+drop+out.pdf>.
- Ryan, R. M., og Deci, E. L. (2000). Self-determination theory and facilitation of intrinsic motivation, social development, and well-being. *American Psychologist*, 55, 68-78.
- Savickas, M. L. (1996). Public policy and career counseling for the twenty-first century. *The Career Development Quarterly*, 45(1), 3-4.
- Savickas, M. L. (2000). Renovating the psychology of careers for the twenty-first century. Í A. Collin og R. A. Young (ritstjórar), *The future of career* (bls. 53-68). Cambridge, UK: Cambridge University Press.
- Scheel, M. J. og Gonzalez, J. (2007). An investigation of a model of academic motivation for school counseling. *Professional School Counseling*, 11(1), 49-56.
- Sharf, R. S. (2010). *Applying Career Development Theory to Counseling* (5. útgáfa). Belmont: Brooks/Cole.
- Super, D. (1980). A Life-Span, Life-Space Approach to Career Development. *Journal of Vocational Behaviour*, 16, 282-298.
- Svanhildur Svavarsdóttir. (2010). Á hverju byggja 10. bekkingar val sitt á framhaldsskólanámi? *Skólaheimsóknir og önnur upplýsingaöflun 10. bekkinga um framhaldsskóla og námsbrautir*. Óbirt MA-verkefni: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

- Tinto, V. (1993). *Leaving college: Rethinking the causes and cures of student attrition* (2. útgáfa). Chicago: The University of Chicago Press.
- Vilhjálmssdóttir, G. (2007). Outcomes of two different methods in career education. *Journal of Educational and Vocational Guidance*, 7, 97–110.
- Vilhjálmssdóttir, G. (2010). Occupational thinking and its relation to school dropout. *Journal of Career Development* 1, 1-15.
- Vinnumálastofnun. (2012). *Ársskýrsla 2011*. Reykjavík: Vinnumálastofnun.
- Pórhalla Gunnarsdóttir. (2006). „Margt fer öðruvísi en ætlað er”: *Sögur brotthvarfsmemenda*. Óbirt MA-verkefni: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.